



Jóhannes S. Kjarval  
AF TRÖNUM MEISTARANS 1946-1972

Jóhannes S. Kjarval AF TRÖNUM MEISTARANS 1946-1972

Það er ótvírátt eitt helsta hlutverk og skylda Listasafns Reykjavíkur og Kjarvalssafns að gefa landsmönnum og öllu áhugafólki um myndlist sem best tækifæri til að öðlast góða yfirsýn yfir allt ævi-starf Jóhannesar S. Kjarvals, þessa sérstæða listamanns sem hefur verið þjóðinni svo hugleikinn alla þessa öld.

Undanfarin ár hefur þessu hlutverki meðal annars verið sinnt markvisst með ákveðinni röð sýninga. Þetta ferli hófst með sýningunni „Jóhannes S. Kjarval – Mótunarár 1895–1930“, sem haldin var haustið 1995, og var fram haldið árið 1997 með sýningunni „Kjarval – Lifandi land 1931–1945“. Nú er komið að lokaþættinum í þessum þrífleik og birtist hann hér í sýningunni „Jóhannes S. Kjarval – Af trönnum meistarans 1946–1972“.

Að baki þessum sýningum liggur mikil rannsóknarvinna og heimildasöfnun þar sem víða hefur verið leitað fanga. Unnið hefur verið að því að afla heimilda um allar ferðir Kjarvals, skrif hans, sýningar og umfjöllun um þær, sem og persónulegra minninga einstaklinga um allt land. Þessar upplýsingar eru undirstaðan að þeirri umfjöllun um listamanninn sem hér er að finna, og munu verða fræðimönnum og áhugafólki um Kjarval mikilvægur grunnur frekari rannsókna í framtíðinni.

Á þessu tímabili var staða Kjarvals sem eins helsta listamanns þjóðarinnar óumdeild. Engu að síður hélt hann uppteknum hætti og kom mönnum sífellt á óvart með list sinni, sem og með miklum afköstum við eigin listsköpun þessa síðustu áratugi ævi sinnar; linnulaus áhugi hans á og stuðningur við allar nýjungar í myndlistinni er ekki síður eftirtektarverður. Það var fjarri Kjarval að setjast í helgan stein á meðan enn var verk að vinna, og þau málverk sem hann gerði eftir átt-rætt bera enn með sér þann ferskleika og það listræna frelsi sem einkennir bestu verk hans alla tíð.

Á Íslandi er það eitt merkasta einkenni listar Kjarvals hvað verk hans dreifast víða – sem um leið veldur því að langt kann að líða á milli þess að mörg helstu verk hans koma fyrir almenningssjónir. Sýning sem þessi verður því aldrei sett upp nema með velvilja þess fjölda einstaklinga, félaga, stofnana og safna, hér á landi og erlendis, sem eiga mörg bestu verk meistarans frá þessum áratugum og hafa góðfúslega lánað þau til sýningarinnar. Öllum þeim sem þannig hafa tekið þátt í þessu verkefni kunnum við hjartans þakkir fyrir að deila þessum dýrgripum með okkur og heiðra þannig minningu meistarans.

*Guðrún Jónsdóttir, formaður menningarmálanefndar*

Sýningarstjóri: Kristín G. Guðnadóttir

© Listasafn Reykjavíkur – Kjarvalstaðir  
Reykjavík Art Museum  
v/ Flókagötu, IS-105 Reykjavík

ISBN: 9979-874-90-2



## Jóhannes S. Kjarval AF TRÖNUM MEISTARANS 1946–1972

*Fegurðin er sameign okkar allra. Það sem er fagurt hlýtur að gleðja okkur alla. Það sem er ljótt snertir okkur alla.* Jóhannes S. Kjarval, Þjóðviljanum 15, október 1954.

Listferill Jóhannesar S. Kjarvals laut aldrei hefðbundnum lögmálum. Á hinu frjóa mótunarskeiði sem spannar námsárin og tímabilið fram til 1930 einskorðaði hann sig ekki við eina stefnu í list sinni heldur sýna verk hans að flest það sem hann komst í snertingu við vakti áhuga hans og kallaði á skoðun og nánari úrvinnslu, en frumleiki hans fólst í óvanalegri útfærslu mismunandi áhrifa. Þannig má sjá að Kjarval vann náttúruleik, kúbísk og expressjónísk verk samtímis eða tvinnuði jafnvel saman gjörólíkar hugmyndir og stílgerðir í sama verkinu. Í verkum hans má einnig sjá áhrif frá táknsæisstefnu aldamótanna og hann nefnir sjálfur fútúrisma sem áhrifavald í verkum sínum. Hugarflug hans og sköpunarkraftur virðast ekki hafa þekkt nein takmörk, sem best sést á fjölbreytileika verka hans.

Um 1930 tók Kjarval að leggja áherslu á að mála útivið og túlka íslenskt landslag, en viðhorf hans til stílhugtaksins var óbreytt. Hann tók sér frelsi til að nota þær stíltegundir og stílblöndur sem hentuðu viðfangsefni hans á hverjum tíma og þróaði í verkum sínum afar persónulegan tjáningarmáta sem byggði á þeim forsendum að stíll væri vinnutæki en ekki trúarbrögð. Þetta viðhorf greinir Kjarval glöggt frá öðrum íslenskum listamönnum og stuðlar að því að verk hans eru sundurleitari og fjölbreytilegri en flestra annarra.

Kjarval sagði í viðtali árið 1922 að hann byggist við að íslensk náttúra mundi verða sinn fullnaðarskóli,<sup>1</sup> og þau orð hans gengu eftir. Hinar fjölmörgu myndraðir Kjarvals bera með sér hversu markvisst hann vann að því markmiði að túlka sibreytileika íslenskrar náttúru. Hann sótti styrk sinn og innblástur í ríkum mæli til náttúrunnar og verk hans endurspeglu hversu djúpt innlifun hans var. Það var eins og Kjarval samsaði sig náttúrunni og virtist skynja þar dulið líf á mörkum hins huglæga og hlutlæga, sem í huga hans virðist einnig tengjast sögu lands og þjóðar. Umfram allt voru það landslagsmyndir Kjarvals sem vöktu

<sup>1</sup> Lögrétta 23. apríl 1922.





Kjarval málar verk sitt *Sólbað* og þrældómur sem síðar fékk nafnið *Sól og sumar* og var fyrst sýnt 1949.

aðdáun samtímans, en um augu hans lærðu Íslendingar að sjá land sitt í nýju ljósi.<sup>2</sup> Kjarval hafði á námsárum sínum og eftir að námi lauk leitast við að kynna sér það helsta í samtímalist og klassískri list. Eftir því sem innlifun hans í íslenska náttúru dýpkaði virtist hann hins vegar fjarlægjast erlenda áhrifavalda sína. Hann mótaði sterkan og sérstakan stíl, sem vísar til áhrifavalda hans en var fyrst og fremst afar persónulegur. Ferð Kjarvals til Parísar 1928 varð í raun síðasta eiginlega kynnis- og námsferð hans. Eftir það fer hann einungis fjar og stuttar ferðir á sjötta áratugnum og hinum sjöunda, til Danmerkur, Noregs og Ítalíu, og þær mörkuðu ekki spor í list hans. Hann hafði þó sterk tengsl við hinn vaxandi íslenska listheim og var þar ekkert óviðkomandi. Hann skrifaði um árabíl umsagnir um listsýningar í Vísi, og þau skrif bera með sér mikla elskusemi gagnvart íslenskum listamönnum. Hann fjallaði með sömu alúðinni um allar liststefnur og gerði ekki upp á milli þeirra, en stundum voru greinar hans nokkuð torskildar. Hann var hafinn yfir alla flokkadrætti í listum og var lifandi og fordómalaus þátttakandi í listalífínu.

Á fimmta áratug aldarinnar sigldi íslenskt þjóðlíf hraðbyri inn í nýja tíma og stórstígar breytingar urðu á öllum sviðum mannlífsins. Listalífið var þar ekki undanskilið. Nýir straumar bárust fyrir til landsins en áður voru dæmi um, yngsta kynslóð íslenskra listamanna varð samstíga evrópskum og bandarískum félögum sínum. Svavar Guðnason var í fremstu röð róttækra listamanna í Danmörku þegar hann sýndi hér afstraktverk sín 1945, óhlutbundin myndverk sem áttu sér rætur í sjálfsprottna afstraktmálverkinu í Danmörku. Tveimur árum síðar stofnuðu róttækir listamenn sem aðhylltust óhlutbundið myndmál með sér September-hópin. Hópurinn var mjög meðvitaður um hlutverk sitt og í sýningarskrám Septembersýninganna skilgreindi hópurinn nýja listsýn afstraktmálverksins. Hér kvæð við nýjan tón sem ekki hafði fyrr heyrst í íslensku listalífi – samfylling listamanna um eina stefnu. Íslenskt menningarlíf var að öðlast nýja fjölbreytni og víddir sem ekki höfðu sést áður. Hinum nýju listamönnum var þó ekki tekið opnum örmum eins og frumherjun-

<sup>2</sup> Sjá nánar um feril Kjarvals fram til 1945 í eftirfarandi ritum: Kristín G. Guðnadóttir: Kjarval – mótunarár 1885–1930, Listasafn Reykjavíkur, Rv. 1995; Kjarval, lifandi land – 1930–1945, Listasafn Reykjavíkur, Rv. 1997.

um á sínum tíma og menningarlífið lögð í þrætum. Flestir virtust þó vera sammála um stöðu Kjarvals og var hann jafnan titlaður „meistari“. Hörður Ágústsson segir 1954: *Mikið lifandi skelfing er gott til þess að vita að við sem erum svo oft að deila um málalísta skulum þó eiga einn mann sem við erum öll sammála um að er snillingur: Kjarval.*<sup>3</sup>

Margþættar ástæður liggja að baki hinni sterku stöðu Kjarvals í íslensku listalífi á því tímabili sem hér er til umfjöllunar. Hann var einn af frumherjum íslenskrar málalistar, borinn uppi af ættjarðarást og þjóðernishyggju aldamótakynslóðarinnar og hafði áunnið sér einróma lof fyrir einstaka túlkun sína á íslenskrum náttúru. Hinn óútreiknanlegi og sérstaki persónuleiki hans og sá lífsmáti sem fólst í því að helga sig listinni og gefa lítið fyrir viðteknar venjur borgarastéttarinnar gerðu hann að lifandi goðsögn og holdgervingi hinnar rómantísku hugmyndar um listamanninn sem bóhem. Þetta sést glöggt af eftirfarandi frásögn frá sýningaropnun 1949: *Listamaðurinn var auðþekktur úr hinum fjölmenna hóp sem kominn var í sýningarskálanum skömmu eftir að sýningin var opnuð í gær. Hann gekk á milli kunningjanna, berhöfðaður og í sólskinsskapi, heilsaði þeim og klappaði. Hann var rétt búinn að sleppa penslinum þegar fyrstu gestirnir komu, og honum hafði ekki unnizt tími til að þurrka litina af höndunum og var ennþá í málarafrakkanum sínum. Hann var þarna slettóttur upp fyrir höfuð, rétt eins og málarar eiga að vera, en ekki þrúðbúinn með hvítan flibba, eins og miklir listamenn eiga ekki að vera á hátíðlegum augnablikum.*<sup>4</sup>

Viðtökur almennings við sýningu hans í Listamannaskálanum í febrúar 1945 höfðu verið með ólíkindum, og seldust á einum klukkutíma 38 málverk af 41 á sýningunni. Þetta endurspegladi vinsældir hans meðal þjóðarinnar, en sýndi einnig að tímarnir höfðu breyst. Íslenskrum borgarastétt var að vaxa fiskur um hrygg, kaupmáttur hafði aukist og húsakynni voru að batna. Björn Th. Björnsson segir: *Stríðsárin voru hér á landi tími furðulegrar þenslu. Margir komust snögglega í álur, og svo sem verða vill varð þeim veraldlegur munadur ekki einhlítur. Sumum gafst hér langþráð tekifari til þess að njóta menningar og lista, aðrir keyptu listaverk í og með til að lyfta sér í stétt. Frægð Kjarvals, þjóðsögurnar um kenjamanninn, gerðu málverk hans að einskonar löggildingarskjali á stöðu borgarlegs heimilis.*<sup>5</sup>

Eftir þessa uppákomu hafði Kjarval þann háttinn á að sýningar hans voru ekki sölusýningar; í viðtali 1949 segir hann að það trufla sýninguna að hafa myndir til sölu, og að best



Tjald mitt, 1946, olía á striga, 112 x 128 cm, einkaeign

<sup>3</sup> „Kjarval.“ Þjóðviljinn 10. október 1954.

<sup>4</sup> „Kjarval opnaði málverkasýningu í sýningarskála myndlistarmanna í gær.“ Tíminn 20. febrúar 1949.

<sup>5</sup> Björn Th. Björnsson. Íslensk myndlist á 19. og 20. öld II, Rv. 1973, bls. 242.





Kritik, 1946–47, olla á striga, 213 x 402 cm, Kjarvalssafn

væri að við eigum þessar myndir allar sameiginlega.<sup>6</sup> Hugleiðingar hans um sameign þjóðarinnar á listinni endurspeglast enn fremur í áhuga hans fyrir því að á Íslandi yrði stofnað listasafn í rúmgóðum húsakynnum. Þetta baráttumál bar oft á góma í skrifum hans og verður nánar vikið að því síðar.

Á hinn eftirminnilegu sýningu Kjarvals í Listamannaskálanum 1945 sýndi hann stórbrotin landslagsverk, meðal annars frá Snæfellsnesi, stór verk og mikil. Fátækt Kjarvals, skortur á efni og aðstöðuleysi höfðu án efa átt þátt í að móta stærð verka hans fram til þessa. Á fimmta áratugnum fór hagur hans að batna og það endurspeglast meðal annars í stærð verka hans. Hann virtist ásjáður í að takast á við stærri dúka, en í þessum stóru myndum magnast kynngi hans og styrkur. Árið 1946 tók Kjarval að mála hið stóra verk sitt, *Kritik*, sem var stærsta olíuverk hans til þessa, 213 x 402 cm. Hann hafði aðstöðu í íþróttahúsi Jóns Þorsteinssonar sem gerði honum kleift að vinna svo stórt verk. Myndin var nokkur ár í smíðum en Kjarval sýndi hana síðan í Listamannaskálanum í október 1954. Myndin vakti athygli og umtal, ekki síst fyrir þær sakir að Kjarval hafði hengt innrammaða portrett-mynd framán á *Kritik*. Hann gaf þá skýringu á tiltækinu að hann væri óánægður með myndina og hefði þess vegna skýrt hana *Kritik* og hengt aðra mynd utan á hana.<sup>7</sup> Portrett-myndin var hjarlægð þegar leið á sýninguna en Kjarval gaf ekki nánari skýringar á hugmyndafræðilegu inntaki verksins.

*Kritik* er afar flókið og margþætt verk. Í miðri myndinni er nakinn maður sem beygir sig fram og grípur með hægri hendi utan um fisk. Aftan við vinstri fót mannsins er lítill kross. Vinstri handleggur mannsins hvílir á stóru kassalaga formi. Maðurinn myndar þríhyrningslagað form og eru krossinn og fiskurinn í grunnlínu þríhyrningsins en handleggur mannsins er við topp hans. Hægra megin í myndinni stendur hvít vera með svipu, en á milli hennar og mannsins er hvítt teningslaga form. Í efra horni hægra megin er þar í ástriðufull-


<sup>6</sup> „Kjarval opnaði málverkasýningu í sýningarskála myndlistarmanna í gær.“ *Tíminn* 20. febrúar 1949.

<sup>7</sup> *Alþýðublaðið* 13. október 1954.

um dansi – en í vinstra horni sést bátur á hafi, og tveir menn með skjöld og spjót ganga á land frá bátnum. Aftan við manninn má greina útlínur stórrar gagnsærrar veru. Táknmál verksins er flókið og persónulegt. Kjarval fjallar um tilvistarleg vandamál listamannsins, en einnig má lesa úr því trúarlegar skírskotanir. Í skrifum Kjarvals ber tilvistarleg vandamál listamannsins oft á góma. Í grein undir fyrirsögninni „Listin“ segir hann: *Víð vinnum að okkar list til þess að skapa okkur lífshamingju og útkoman verður list – vegna þess að víð verðum að sitja með það að hafa lent á listarinnar breiddargráðu ... þó það hafi komið fyrir að hatrið hafi læzt um borgina til þess að undirtaka andvörp deyjandi hugsjónar, vonbrigði, misskilningur, vonbrigði ...*<sup>8</sup>

Benda má á formræn tengsl verksins Krítik við verk Kjarvals frá fjórða áratugnum, sérstaklega þó **Bónorðið** frá 1932–34, en þar bregður Kjarval fyrir sig bæði kúbískum og náúralískum stílbrögðum í sama verki og virðist með því vera að leggja áherslu á að hann líti á stíl sem vinnuáferð fremur en fastmótaða og óumbreytanlega hugmyndafræði. Í Krítik eru andstæðurnar enn skarpari, maðurinn er mótaður eftir ströngustu reglum anatómíunnar, enda teiknaður eftir lifandi fyrirmynd, og stingur mjög í stúf við aðrar figúrur verksins, sem eru tvívíðar, teiknaðar með hvítum útlínunum og fremur flatar. Húð mannsins er dökk og hraunkennd sem gerir hann enn framandlegri, eins og hann hafi villst inn í draumkennda óreiðu þar sem allt er á hreyfingu. Hvíta veran sveiflar svipunni, parið dansar og verurnar með spjótin færast nær. Verkið hefur einnig verið nefnt „Andinn og efnið“ en það heiti endurspeglar meginandstæður þess og gefur vísbendingu um inntakið.

Í verkinu **Listin er vinna** eða **Klang og akkordur** sem Kjarval lauk við 1948 má sjá hvernig hann þróar áfram hugmyndina um flatar verur í kúbískri umgjörð. Verurnar, sem eru langar og þokkafullar, fylla stóran hluta myndrýmisins en tengjast saman með kúbísku flataskrauti. Heiti verksins vísar í reynsluheim Kjarvals, sem hafði með þrotlausri vinnu þróað málverk sitt, enda segir hann í viðtali við Vilhjálmi P. Gíslason 1946: *það er erfðisvinna að mála og það er uppötvun að finna móti.*<sup>9</sup> Snemma árs 1947 hélt Kjarval sýningu á verkum sínum í Listamannaskálanum. Umsagnir um sýninguna gefa til kynna að aðdáendur hans hafi fagnað sýningunni ákaft. Vinur hans Guðbrandur Magnússon hefur umsögn sína á þessum skáldlegu orðum: *Hefir þú verið við Valagilsá? Hefir þú komið á sýningu Kjarvals?*



Listin er vinna/Klang og akkordur, 1948, olía á striga, 115 x 145 cm, einkaeign

<sup>8</sup> Vísir 4. júlí 1947.

<sup>9</sup> Eimreiðin 1946, bls. 11–19.



*Víð aðdáendur hans, sem vissum hve hátt hann fór á sýningunni 1945, spurðum sjálfa okkur að því hvort Kjarval mundi halda til jafns nú, þegar hann að liðnum tveimur árum efnir enn til nýrrar sýningar. Svo birtast hin nýju verk og enn er stigandi í kvæði Kjarvals.<sup>10</sup>*

Kjarval sýndi tæplega 60 verk og voru landslagsmálverk í meirihluta. Verkin voru frá ýmsum hlutum landsins, [og] sem heild er sýningin mjög samstæð. ... Kjarval hefur hæfni til að stuðla myndir sínar eftir þeim hrynjanda sem boð hugans tjá honum og innileg er hans náttúruskoðun. Ekki er hann þó þræll þess sjæða, miklu fremur verður það auðsveipur þjónn hans, eins og jafnan er um góða listamenn.<sup>11</sup>

Guðbrandur Magnússon nefnir í grein sinni að meðal verka Kjarvals að þessu sinni séu glæsileg verk frá Skagaströnd. Hann efast um að Kjarval hafi nokkru sinni komist herra við endursögn íslenskrar náttúru en í þessum myndum. Að hans mati eru verkin sönn frásögn hins hrjóstruga og harðneskjulega en jafnframt stórbrotna umhverfis, litkað hinni hversdagslegustu veðurátt, sem verið hefur hinn drottnandi aðili í mótun þjóðarinnar í þúsund ár, að því leyti sem umhverfið megnar að skapa manninn.

Líklega var eitt þessara verka **Frá Skagaströnd, haust** frá 1946, 177 x 278 cm. Stærð verksins undirstrikar á yfirþyrmandi hátt nálægð hinnar hrjóstrugu og eyðilegu náttúru. Kjarval hafði frá því í upphafi fjórða áratugarins á markvissan hátt málað myndraðir af sama myndefni þar sem hann sýnir fram á breytileika náttúrunnar, hvernig árstíðir og mismunandi birtu- og veðurskilyrði skapa sífellt ný blæbrigði og stemningar. Þannig túlkaði hann myndefni sitt á hlutlægan hátt, en hið huglæga eða skynjaða var sjaldnast langt undan. Með formrænni tvífræðni skapaði Kjarval dulúðugan heim, þar sem ýmsar kynjaverur áttu sér tilvist á mörkum hins séða og skynjaða.

Túlkun Kjarvals á landslagi gat þannig tekið á sig ýmsar myndir. Í verkinu **Skagaströnd. Hann er að norðan gróinn** frá um 1950 sýnir hann okkur sama landslag og í verkinu „Frá Skagaströnd, haust“, en nú skyggist Kjarval dýpra. Með einfaldri línuteikningu í hvítum lit mótar hann loftkenndar og svifléttar verur sem virðast geta leyst upp og horfið hvenær sem er. Þessar svifléttu verur vaxa ekki út úr landslaginu heldur eru þær hluti lofthjúpsins. Verurnar, sem flestar eru sýndar í vangamynd, eru teiknaðar með ákveðnum línum og hafa klassískt yfirbragð. Þær glæða hina hrjóstrugu náttúru Skagastrandar dulúðugu lífi, sem túlka má sem tákamynd hinna köldu norðanvinda, og umbreyta hinu hlutlæga landslagi yfir í huglægan ævintýraheim þar sem allt getur gerst.

Í nokkrum fjölda verka Kjarvals má sjá hvernig hann skapar fisléttar og ljósar loftverur tengdar skýjafari. Í verkinu **Skýjafar** frá um 1955 má sjá hvernig hinar hvítu himinbornu verur hafa öðlast aukinn þéttleika án þess að tapa léttleika sínum. Algengast var að Kjarval málaði þessar verur á egypskan hátt, þannig að líkaminn var sýndur að framan en höfuðið í prófil. Athygli vekur hár þeirra, en um miðjan sjötta áratuginn fór vangamyndum af fólki með ennistopp að bregða fyrir í verkum Kjarvals.

Í verkinu **Fyrstu snjóar** frá 1953 skapar Kjarval eftirminnilega vangamynd sem tákngerving vetrarins. Snædrottningin kalda leggur gráhvíta sliki yfir gulbrúna og mosagræna liti haustsins og boðar komu vetrarríkisins. Kjarval dregur vangamyndina af listilegu öryggi; tvíteknar útlínur andlitsins gera það svipsterkt og afgerandi.

Sterk og ákveðin pensilteikning var einkennandi fyrir vinnubrögð Kjarvals og var sérstaklega áberandi í figúratívum olíuverkum hans. Hann mótaði verur sínar með öryggi og áhrifamætti hinnar kjarvölsku línu, þar sem engu var ofaukið og engu hægt að auka við. Kjarval hafði allt frá námsárum sínum lagt ofuráherslu á teikningu en þegar hann hóf listnám fannst honum þessum þætti vera ábótavant í menntun sinni. Allar götur síðan var teikning orjúfandi hluti af sköpunarferli verka hans, eins og glöggt kemur í ljós þegar skoð-

<sup>10</sup> Guðbrandur Magnússon. „Kjarval og sýning hans.“ Tíminn 26. febrúar 1947.

<sup>11</sup> Orri (Jón Þorleifsson). „Málverkasýning Jóhannesar S. Kjarvals í Sýningarskálunum.“ Morgunblaðið 20. febrúar 1947.



Frá Skagaströnd, haust, 1946, olía á striga, 117 x 278 cm, einkaeign



Skagaströnd. Hann er að norðan gróinn, um 1950, olía á striga, 114 x 210 cm, einkaeign



Skýjafar, um 1955, olía á striga, 120 x 150 cm, einkaeign





Fyrstu snjóar, 1953, olía á striga, 125 x 95 cm, Kjarvalsafn

að er teikningasafn hans, sem varðveitt er á Kjarvalsstöðum. Teikningarnar endurspegla ævintýralegt ímyndunarafl og frjóan huga í óheftri og frjálslegri tjáningu.

Það var vani Kjarvals að teikna á þann pappír sem hendi var næst, því þegar sköpunarkraftur hans þurfti að fá útrás virtist efnisval vera aukaatriði. Stór hluti teikninga hans var hugmyndavinna og lausar skissur, en þær verur sem þannig urðu til og þróuðust í skissum hans gengu sumar aftur í olíuverkunum. Skissur Kjarvals voru þó sjaldan beinn undirbúningur að olíuverkum hans, þær voru fremur hugmyndabanki sem hann síðan notaði í nýja og frjóa útfærslu í olfu á léreft.

Verkið *Ævintýri á hafinu* sem Kjarval málaði 1948 er dæmi um olíumálverk sem byggir á línuteikningu og endurspeglar ævintýralegt og frjótt hugmyndaflug. Kjarval sýndi verkið í Listamannaskálanum 1949 undir nafninu *Ævintýri um ævintýri*. Hvalur einn ægilegur, sem stingur haus og spordi upp úr sjónum, er uppistaðan í myndinni. Á haus hans standa maður og vængjaður hestur, en yfir hvalinn syndir opið fley með nokkrar verur innanborðs. Fleiri verur koma einnig við sögu og verkar myndbygging verksins við fyrstu sýn all-óreiðukennd. Þegar betur er að gæð kemur í ljós að Kjarval tengir alla hluta verksins saman í eina heild með leikandi og léttu línuspili. Hér nýtur teikning Kjarvals sín til fulls. Veran sem stendur við hlið vængjada hestsins er gott dæmi um hinar löngu, grönnu og þokkafullu verur sem koma fyrir í verkum hans frá þessu tímaskeiði, og hinn vængjaði hestur eða skáldfákurinn Pegasus er eitt af þeim minnum sem aftur og aftur koma fyrir í verkum Kjarvals sem hluti myndar eða meginefni, eins og sjá má í verkinu *Pegasus og stúlkan* frá 1953.

Áhugi Kjarvals á þessari táknmynd skáldlegrar andagiftar var í takt við áhuga hans á bókmenntum og skáldskap. Kjarval hafði frá gamalli tíð skrifað ljóð og smásögur, ásamt pistlum um listir og ýmis málefni, en með árunum fær þessi þáttur sköpunar hans aukid vægi. Árið 1956 gaf hann út „Hvalasöguna frá átjánhundruð níutíu og sjö“ og ljóðabókina „Ljóðagrjót“, og næstu ár gaf hann út nokkur smárit og einblöðunga með ljóðum. Handrit Kjarvals eru varðveitt á Kjarvalsstöðum og þegar þau eru skoðuð kemur í ljós hversu mikla vinnu og alúð hann lagði í ritstörf sín. Í Kjarvalskeveri segir Matthías Johannessen: *Kjarval þurfti ekki á brósi að halda fyrir myndlist en hann vildi vera viðurkennt ljóðskáld, vildi láta*





Ævintýri á hafinu, 1948, olía á striga, 88 x 137 cm, einkaeygn



Pegasus og stálkan, 1953, olía á striga, 70 x 103 cm, einkaeygn

*taka eftir ljóðunum sínum. Var aldrei eins gláður og þegar hann fór með ljóð eftir sig og maður hlustaði eins og fastur aðdáandi.<sup>12</sup>*

Árni Sigurjónsson segir um ritlist Kjarvals að megineinkenni skáldskapar hans séu frumlegur stíll og óvenjuleg afstaða til tungunnar en styrkur hans liggja í fjölbreytni í stíl. Hann finnur upp furðuleg orð til gamans, notar slanguryrði ótæpilega og sumt í ljóðum hans jaftrar við delli eða hálfgerð hljóðljóð. Hann bendir á að rökhugsun Kjarvals og

<sup>12</sup> Matthías Johannessen. Kjarvalskver, Listasafn Reykjavíkur, Rv. 1995 (2. útg.), bls. 109.



Sumar við Selfjót, 1948, olli á striga, 109 x 215 cm, einkaeign

raunar allt sem hann skrifar sé afar huglæg og persónuleg, að sjón hans sé sérkennilega fersk og skilningurinn minni á opinn barnshuga.<sup>13</sup>

Kjarval gaf sjálfur út bækur sínar, gerði kápumyndir og sá að öllu leyti um útlit þeirra. Má því í raun telja þær til „listamannabóka“ eða „Art books“, og er „Grjót“ Kjarvals frá 1930 því án efa meðal fyrstu bóka þeirrar tegundar hér á landi. Í „Ljóðagrjóti“ frá 1956 styrkir uppsetning textans á síðunni, þ.e.a.s. form ljóðanna, inntak þeirra, og gefur þetta bókinni sérstakt og myndrænt yfirbragð.

Frá fimm ára aldri ólst Kjarval upp í Borgarfirði eysta og bjó þar fram á unglingsár. Fram til 1927 eru til heimildir um stopular komur hans þangað en það er ekki fyrr en sumarið 1948 að Kjarval tók að nýju að venja komur sínar austur á firði og á Hérað. Björn Guttormsson á Ketilsstöðum segir svo frá að Kjarval hafi verið á leið til Borgarfjarðar eystra sumarið 1948, en bátur sem átti að sækja hann að Selfjótisbrú eða Krosshöfða hafi ekki komið. Sneri Kjarval þá við og fékk leyfi til að tjalda í Ketilsstaðalandi. Staðurinn sem varð fyrir valinu var lítill hvammur við Selfjót, gegnt Hreinsstöðum. Rennur Selfjót þar í mjúkum boga en allhár klettur er að baki.<sup>14</sup> Kjarval var svo hrifinn af þessum stað að hann fór þess á leit við Björn að fá að reisa sumarhús í hvamminum. Björn brást vel við og gaf honum þessa spildu af landi sínu. *Það er hvort tveggja á sýslu- og sveitamörkum sem Kjarval valdi sínu sumarhúsi samastað, rétt þar sem komið er yfir mörkin milli Eiðafinghár og Hjalta- staðafinghár, sem jafnframt eru mörkin milli Múlasýslunnanna. Stendur þetta litla en vel búna sumarhús í hvammi undir lágum klettum með þjóðveginn milli sín og Selfjótisins, sem þarna myndar eins og fagra hörpu úr grænum sverðinum sem leið þess liggur um. En við hvamminum blasir þá einnig fjallgarðurinn sem skilur milli Úthéraðs og Borgarfjarðar, og í honum eru hin sérkennilegu Dyrffjöll sem þeir Kjarval og Ásgrímur hafa gert svo fræg.*<sup>15</sup> Kjarval tók miklu ástföstri við Hvamminn. Hann kom þar árlega til dvalar svo lengi sem heilsan leyfði og virtist njóta þar hvíldar og hressingar. Í bréfi til Björns frá 1965 segir hann til dæmis: *En oft er hvammur í huga, og er það hvíld á skarkalastöðum hér ... Hvammurinn er okkar sameiginlega ævintýr. Ástúð og tilhugalíf í heilbrigði hennar náttúru og gjafarans allra góðra hluta.*<sup>16</sup>

Hið fagra útsýni frá hvamminum með Selfjót í forgrunni varð Kjarval efniviður í allnokkur málverk. Verkið *Sumar við Selfjót* er frá 1948, en þar leggur Kjarval áherslu á að

<sup>13</sup> Árni Sigurjónsson. „Bækur Kjarvals.“ Aldarminning Kjarvals, Listasafn Reykjavíkur, Rv. 1985.

<sup>14</sup> Björn Guttormsson. „Kjarval í sumarbústað.“ Samvinnan, júl 1974, bls. 28.

<sup>15</sup> Guðbrandur Magnússon. „Hugleiðing á Kjarvalssýningu.“ Tíminn 26. febrúar 1961.

<sup>16</sup> Björn Guttormsson. „Kjarval í sumarbústað.“ Samvinnan, júl 1974, bls. 31.

sýna víðáttu landsins og form fjallahringsins. Verkið **Þakklátur hugur** er hins vegar málað haustið 1961. Þórfna Sveinsdóttir á Ketilsstöðum sendi Kjarval blómvönd í afmælisgjöf þegar hann dvaldi í hvamminum. Hann stillti vendinum upp og málaði hann og sendi henni síðan málverkið. Kjarval hafði oft þennan háttinn á; þeir sem gáfu honum gjafir fengu þær margfaldar til baka. Þannig var eðli hans.

Svo virðist sem áhugi Kjarvals á sjó og sjósókn hafi enn á gamals aldri blundað í honum því sumarið 1959 lét hann kaupa fyrir sig bát í Noregi og nefndi hann „Gullmávin”. Hann sigldi síðan einn síns liðs niður Selfljótið, út Unaós og inn Borgarfjörð. Var þetta fyrsta og eina sigling hans á bátnum en sumarið 1960 malar hann í hvamminum verkið **Lesið úr gullbók** og voru fyrirmyndir Kjarvals vinnumenn sem smíðuðu bátaskýli yfir Gullmávin.

Kjarval sýndi þessa mynd í Listamannaskálanum í febrúar 1961 en í mars sama ár skrifaði hann Erró og sendi honum mynd af verkinu. Í bréfinu kemur fram að Kjarval var nokk-



Þakklátur hugur, 1961, olía á striga, 94 x 97 cm, einkaeign



Lesið úr Gullbók, 1960, olía á striga, 150 x 204 cm, einkaeign



uð ánægður með verkið. Hann skrifar: *Eg sendi þjer hjer ljósmynd af tveggjemetra Composition – Er í haustlitum. Landslag úr Hjaltastaðapínghá, Múlasýslum – vinnukallar mínir þar – og eftirstöðvar. Andlit af bæjum hinum megin við fljótið – heimasetur sem gífst hafa burt úr sveitinni! Það var erfitt að finna líkamsstillingar við höfuðin, kópiert af örk, niður í þennan stóra flöt – en mjer finnst jeg hafa gjört þarna dálítið afrek. Reyndar eru andlitin öll ofarlega á fletinum – og það skapar mjer umþenkingarkritik – En litapíngd öll er að mestu í jafnvægi samt – og útfærslan nær skeths formi –.*<sup>17</sup>

Sumarið 1948 lét Kjarval ekki lengi staðar numið í hvamminum, en hélt áfram til Borgarfjarðar og dvaldist í sínum gömlu heimahögum fram eftir sumri. Heimildir eru til um að Kjarval hafi dvalist í Borgarfirði á árunum 1926 og 1927. Sú dvöl var fyrir þann tíma að hann tók að mála landslag að teljandi ráði, en þess í stað teiknaði hann á listilegan hátt íbúa Borgarfjarðar, bændur og sjómenn. Frá 1927 og fram til 1948 eru engar heimildir um að hann hafi komið í sína fornu heimahaga. Þó er til nokkur fjöldi mynda eftir Kjarval frá árunum 1927–33 sem sýna Dyrfjöll í ýmsum tilbrigðum, en nokkrar þeirra mynda eru að öllum líkindum málaðar eða fullgerðar í Reykjavík.

Ferðin sumarið 1948 var því fyrsti eiginlegi málaraleiðangur hans á æskustöðvarnar, og hann einbeitti sér einkum að hinum töfrandi fjallahring sem umlykur Borgarfjörðinn. Björn Jónsson í Geitavík segir um dvöl hans í Borgarfirði: *Sumarið 1948 dvaldi hann hér lengi, málaði mikið. Hafði hann þá barnaskólann til umráða og hafði svo opið hús áður en hann gekk frá myndunum og gaf fólki kost á að skoða, sem margir notuðu sér. Hann málaði þá fráberar myndir, og ein er mér sérstaklega minnistæð, og var hún af Staðarfjallinu sem spegladist í tjörn. Staðarfjallið býr yfir meiri tilbrigðum en önnur fjöll hér. Þessi mynd hét „Sjón er sögu ríkari“ Ríkið mun hafa keypt þessa mynd og gefið hana til Danmerkur. Hann sá eftir að þessi mynd skyldi vera látin úr landi.*<sup>18</sup> Það var Alþingi sem keypti myndina og gaf hana danska Þjóðþinginu í júní 1949 í tilefni af 100 ára afmæli stjórnarskrár Danmerkur.

Jón Þorleifsson gerir verkið *Sjón er sögu ríkari* einnig að sérstöku umtalsefni í umfjöllun sinni um sýningu Kjarvals í Listamannaskálanum 1949 og telur hana með bestu landslagsmyndum málarans: *Myndin sýnir eitt af hinum tignarlegustu fjöllum Borgarfjarðar og landið næst fjallinu. Hinn mjói, kröftugi forgrunnur með bakkabrún gefur vel fjarlegðina inn að miðgrunni myndarinnar, djúpu vatni og hæðardrögum með rauðleitum rofum og silfurgráum litum á milli. Þetta er í samræmiskennid við hina vaxandi hæð hins tignarlega ljósbleika og brúna fjalls.*<sup>19</sup>

Æskustöðvar Kjarvals virðast hafa verið honum innblástur til enn frekari landvinninga á sviði landslagsmálverksins. Varðveitt er á Kjarvalsstöðum málverkið *Heimahagar* frá 1948 þar sem hið ábúðarmikla Staðarfjall í haustlitum er einnig myndefni hans. Myndin er máluð frá háu sjónarhorni, listamaðurinn horfir yfir byggðina sem kúrir undir fjalli við sjó, lítil og varnarlauus gagnvart mikilúðleika hafs og fjalls. Í viðtali í Þjóðviljanum 1954 ræðir Kjarval um smæð mannsins gagnvart náttúrunni: *Náttúran er völdug en ég skil ekki hvað menn eiga við þegar þeir segja að ég sé að skreyta hana. Skreyta jörðina, það er ekki rétt. Ég er aðdaandi hennar. Lesið Undur veraldar, lesið hana vel, þá skiljið þið betur hvað náttúran er völdug en við óhugsanlega lítil, bókstaflega ekki neitt.*<sup>20</sup>

Hinn smágerði og finlegi jarðargróður fangaði einnig athygli Kjarvals. Í verkinu *Hrísla* frá 1949 virðist hríslan eiga rætur sínar í uppblásnu mosabardi en teygir sig út yfir grýtta jörð. Það er eins og Kjarval vilji með einfaldri og raunsæislegri myndgerð segja sögu af harðri lífsbaráttu við erfið skilyrði. Í verkinu *Íslandslag, Hvassárgljúfur* frá 1949–50 er gróður jarðar einnig í stóru hlutverki. Verkið einkennist af leikandi og frumlegri myndbyggingu þar sem raunsæislega útfærðir flílar og súrur dansa létt um myndflötinn en hrikaleg

<sup>17</sup> Bréfasafni Errós, Listasafni Reykjavíkur, Kjarvalsstöðum, nr. 702.

<sup>18</sup> Gögn um Kjarval, Listasafni Reykjavíkur, Kjarvalsstöðum, nr. 324.

<sup>19</sup> Orri (Jón Þorleifsson). „Málverkasýning Jóh. S. Kjarval.“ Morgunblaðið 6. febrúar 1949.

<sup>20</sup> „Kjarvalshús eða „messa?““ Þjóðviljinn 15. október 1954.

Hvassárgljúfrin virðast tapa mikilúðleik sínum í samkeppni við gróðurinn, andlit og svi-  
flétta hvíta veru. Verk þetta er hugsanlega ein þeirra mynda sem Kjarval byrjar á sem lands-  
lagsmynd en breytir síðan verulega og málar eins og mynd ofan í mynd, sem gerir byggingu  
verksins afar frumlega og óvænta.

Kjarval hafði haft þann háttinn á allt frá 1930, þegar hann fór að mála landslag úrivið,  
að mála fleiri en eina mynd af sama myndefni frá sama stað, oft heilar myndraðir. Hann  
segir í úrvarpsviðtali 1957: *Listin mín er innifalinn í mótifinu og á mörgum myndum af sama  
mótifi ef mér finnst það verra það gott að það sé hægt að búa til margar myndir af því úr sama  
staði, ekki kópiera mynd af mynd, heldur standa og sjá mótifið í mismunandi veðri.*<sup>21</sup> Á fjórða  
og fimmta áratugnum málaði Kjarval myndraðir á Þingvöllum, en einnig í nágrenni  
Reykjavíkur, með Esju og Vífilfell sem mótíf.



Sjón er sögu ríkari, 1948, olía á striga 120 x 229 cm, Danska þjóðþingið



Heimahagar, 1948, olía á striga, 130 x 160 cm, Kjarvalsafn

<sup>21</sup> Úrvarpsviðtal við Gunnar G. Schram 2. ágúst 1957. Borgarskjalasafn, E-32, kassi nr. 3.



Um 1950 tók hann að venja komur sínar í Gálgahraun á Álftanesi og málaði þar fjölda verka. Gálgahraun er úfið og illt yfirferðar og dregur nafn sitt af því að þar fóru fram aftök-ur á vegum Bessastaðavaldsins. Í Gálgahraunsm myndum sínum leggur Kjarval áherslu á að túlka hrikaleika og nekt hraunsins en formgerð einstakra sérkennilegra hraundranga varð honum einnig að yrkisefni. Verkið **Úr Gálgahrauni** frá 1950 er ein af fyrstu Gálgahraunsm myndum hans. Hraundrangarnir tveir með þríhyrnda hraunstrýtu í forgrunni voru það mótíf sem hann oftast málaði og í þessari útfærslu sýnir hann svart og úfið hraun í gróðurleysi vetrarins.

Í mynd frá sama stað, sem ber heitið **Gálgahraun** og var máluð 15. október 1956, kveður við léttari tón. Kjarval bregður fyrir sig kúbískum tilþrifum, sundurgreindir form jarðarinnar og túlkar hin fjölmörgu litbrigði sem leynast í mosa og steinum. Í **Gálgahraunsm**-mynd frá 1961 málar hann enn sama mótíf. Strýtan sem áður var í forgunni sést nú aðeins til hálf, en verkið er brotið upp í finlegt munstur umleikið hvítri birtu sem gefur því ójarðneskan blæ.

Öll þessi verk endurspeglar næmi Kjarvals á umhverfi sitt og hæfileika hans til að sjá og upplifa feegurð og fjölbreytileika náttúrunnar, á stað þar sem flestir mundu einungis sjá grátt og úfið hraun. Með því að mála sama mótíf aftur og aftur endurspeglar Kjarval tímalegan sibreytileika náttúrunnar og skapar afar sterka tilfinningu fyrir kynngi hennar og afstæði náttúruforma gagnvart ljósi og lit.

Í grein sem birtist í danska tímaritinu *Cras* lýsir Tryggvi Ólafsson listmálari vinnubrögðum Kjarvals við útimálverk sitt. Tryggvi var sumarpiltur á nágrannabæ Ketilsstaða í byrjun sjötta áratugarins. Hann segir að Kjarval hafi málað hvenær sem var sólarhringsins, og að hann hafi jafnmikinn áhuga á þoku, regni og hinni ljósu kyrrð næturinnar, en síður á sólskini – og hafi málað í öllum veðrum. Í rigningu var hann í olúbornum regnfrakka og með stóran hatt. Hann festi léreft sitt með teiknibólum á plötu, sem hann í roki skrúfaði fasta á einfaldan tréfót með skrúfuþvingu. Tryggvi sá hann taka flösku af olíu, hella í tusku og maka yfir léreftið. Klúturinn var ekki hreinn, svo það kom gráleitur blær á léreftið. Síðan tók hann að teikna í litinn með pensilskafti. Hann bætti við fleiri litum, hér og þar, afar dauft. Hann reif bút af klútnum, vafði honum um burstann á snöggghærðum pensli og neri litablettina út. Síðan tók hann að mála með grennri penslum, stutt og snögg pensilför yfir allan flötinn. Það hellirigndi og rigningin hrökk af málverkinu.<sup>22</sup>

Kjarval átti sína föstu staði úti í náttúrunni, og kom þar oft og málaði. Þessir staðir voru flestir í nágrenni Reykjavíkur og á Þingvöllum. Í hraunsprungum – „holunum“ sínum – geymdi hann ýmislegt sem hann þurfti til málverksins og dvaldist daglangt við að mála eða lagðist út.

Haustið 1950 varð Kjarval 65 ára. Þessum tímamótum var fagnað með útgáfu veglegrar listaverkabókar sem Helgafell gaf út. Halldór Kiljan Laxness skrifaði formála þar sem hann ræðir meðal annars um afstöðu Kjarvals til viðfangsefnisins: *Einsog fleiri miklir tíma- mótamálarar heimslistarinnar beyir Kjarval látlaust stríð um afstöðuna til viðfangsefnisins, hvað er rétt, leyfilegt og jafnvel gerlegt í mynd; og auðvitað líka, hvað áhrifavænlegt; það er gaman að sjá hve margvíslegar aðferðir hann reynir til að gæða yrkisefnið lífi ... Ókyrrð listamannsins, leit hans, rannsókn og tilraunir, sú afstaða sem meistara er og verður náttúrleg, að efast um alt hið sjálfsagða og taka hið fjarstæðasta og ólíklegasta sem hugsanlegan sennileik. – Þetta gerir list hans æsilega.*<sup>23</sup>

Skilgreiningu Halldórs Laxness má heimfæra á verkið **Storknaður hraði** frá 1954 en verkið túlkar þau hughrif Kjarvals sem spruttu af návistinni við náttúru landsins. Hann sýn-

<sup>22</sup> Tryggvi Ólafsson, „Erindringer om Kjarval.“ *Cras* 1985, bls. 39–42.

<sup>23</sup> Jóhannes Sveinsson Kjarval. Inngangsorð eftir Halldór Kiljan Laxness. *Rv.* 1950, bls. 22–28.





Hríða, 1949, 84 x 109 cm, einkaeign



Íslandslag, Hvassirgljúfur, 1949-50, olía á striga, 115 x 155 cm, Listasafn Íslands



Úr Gálgahrauni, 1950, olía á striga, 105 x 155 cm, einkaeign



Úr Gálgahrauni, 15. október 1956, olía á striga, 100 x 150 cm, einkaeign



Gálgahraun, 1961, olía á striga, 105 x 152 cm, einkaeign

ir okkur heillandi hugmynd sína um tilurð hraunsins sem bylgjast áfram í mannsmynd og nær með undraverðum árangri að sýna hreyfingu í kyrrstöðu. Kjarval setti einnig fram hugmyndir um endurvarp hljóðs í hrauninu: *Hugsid ykkur hraungig sem straumurinn rennur frá í margar áttir. Hann er fyrst og fremst útvarpsstöð. Hraunstraumarnir storkna, og taka á móti áhrifum allsstaðar að í þúsundir ára. Svo endurvarpa þeir. Ég hef heyrt margskonar hljóð úti í hrauni. Öll náttúran er eitt spilverk, allsaman músik. Maður er svo móttækilegur fyrir músik úti í hrauni.*<sup>24</sup>

Í hrauninu leyndist einnig annars konar líf eins og sjá má í verkinu *Fantasia* frá 1949. Verkið iðar af lífi, þar má bæði sjá dulda veru og aðrar augljósar – háfætta hesta, nakta veru

<sup>24</sup> „Kjarvalshús eða „messa?““ Þjóðviljinn 15. október 1954.



Storknaður hraði, 1954, olía á striga, 105 x 130 cm, einkaeign

sem virðist ganga út úr hól og tvö dökka sveina sem bera hönd að enni og skoða föngulega nakta konu sem liggur uppi á hraunborg. Í forgrunni verksins er hraunhóll, sem einnig er vangamynd, og maður með staf gengur á klettinn. Hér er komið dæmi um þá tvítræðni formanna sem svo oft kemur fyrir í fantasíum Kjarvals, eins konar felumynd sem ekki er augljós við fyrstu sýn.

Verkið *Sigrún*, málað 1953–54, er annað dæmi um fantasíumynd Kjarvals. Í forgrunni er vangamynd af konu í hrauni. Húð hennar og hár hefur á sér yfirbragð hraunsins. Fyrir framan hana má greina í hrauninu hvítan prófil og tvö loftkennd andlit ber við himin. Í viðtali 1954 gaf Kjarval eftirfarandi skýringu á andlitunum sem birtast í landslagsmyndum hans: ... en þetta eru andlit jarðarinnar. Mannsaugað sér þau í myndunum þegar þau eru þar, þó að málarinn sjái þau ekki í móttívinu áður en hann málar myndirnar. Og þó eru undantekningar á þessu, þegar aðalinnihald móttívisins er andlit og búin er til mynd af því. Ljósmyndarar þekkja báðar þessar útkomur og aðstæður, held ég. En þetta er kannski vert að athuga, ásamt ýmsu öðru sem gæti hafi með myndlist að gera. Er þetta lífið í breytileik með listiðkendum á þessu sérstæða sviði – einhver tegund raunsæis? Er furða þótt talað sé um innri sjón, ef sannast hefur að hún er til, eða samvist (návist) sem maður finnur sem hluta af landinu sjálfu, sem kannski tekur á sig svip gedhrifa mannlægs skapnaðar? Er þá komið nær að skilja draugatal og ýmsa forn-eskju sem edlilega sköpun – sem abstraktion – eða sem afleiðsluendingar raunveruleika þess ramma, ef svo mætti að orði kveða, sem tilheyrir einstaklingsheim þeirra er athuga og sjá. ... Fornmenn vissu hvað þeir voru að fara þegar þeir töluðu um landvattir. Það voru kannski einmitt þessi andlit landsins ...<sup>25</sup>

Kjarval sýndi í Listamannaskálanum 1954 og í umsögn um sýninguna fjallaði Hörður Ágústsson meðal annars um fantasíur Kjarvals, sem hann taldi sprotnar af náttúrudýrkun hans: Hann seiddir fram hin örfínu blæbrigði litbordans og gefur þeim tengsl við hrjóstruga náttúru lands síns, fíngráa mosaþembu, blásvart braunberg, brúna uppblásna moldina. En um leið binzt litur hans aldurslausri þjóðsögu, lífi landsins og fólksins. Í beinu framhaldi af náttúrudýrkun hans vaxa fantasíurnar eins og blóm á stilk en þær væru óhugsandi án hinnar miklu

<sup>25</sup> „Viðleitnin er borgunarverð en hið fullkomna er óseljanlegt.“ Líf og list, 1. árg. 8. hefti, nóvember 1950.





Fantasia, 1949, olía á striga, 102 x 115 cm, Listasafn Íslands



Sigrún, 1953-54, olía á striga, 87 x 100 cm, einkaeign



Flugþrá, 1935-54, olía á striga, 145 x 155 cm, Listasafn Íslands

vinnu við móttíð, *landslagsmyndin fær ljóma sinn oft og tíðum af þessari lýrsku að, sem mér finnst persónulega hafa skapað eða standi að beztu myndum Kjarvals, sem og að fremstu listaverkum síðustu sjóningar. Hann byggir betur, sér lítinn breinar og ákvednar, hann er þar mestur málarí og um leið sjálfur mestur.*<sup>26</sup>

Auk fjölmargra landslagsverka og hinnar miklu myndar „Kritik“ sýndi Kjarval á sýningunni 1954 hið stórbrotna verk sitt **Flugþrá**. Í vinstra helmingi myndflatarins er stór og tignarlegur svanur. Hann snýr höfðinu til hægri og horfir á nakta konu, sem er að hluta til hulin fjöðrum hans. Konan er grannvaxin og leggjálöng, hún styður öðrum olnbogunum á svansvænginn og horfir til himins. Við hlið konunnar er rauður þráður eins og elding af himni. Utan um myndina er málaður gullrammi, en Kjarval málaði gullramma á nokkur verka sinna, sem gæti verið visbending um að hann hafi viljað gefa þeim hátíðlegan og upphafinn blæ.

Myndrými verksins er nokkuð sérstakt. Konan og svanurinn eru staðsett í þröngu og flötu rými í forgrunni verksins, en forgrunnurinn nær yfir allt verkið nema litla rönd efst í myndinni þar sem opnast útsýni á fjöll og himin. Kjarval notaði þessa tegund myndrýmis oft í verkum sínum og má benda á „Fyrstu snjó“ frá 1953 til samanburðar, en myndrýmið þar er þó opnara. Annað eiga þessar tvær myndir sammerkt; það er hið ljósa, léttu yfirbragð, kallað fram með hvítum lit, sem er í efsta litalagi verksins og oft lagður ofan á aðra liti. Hvítu liturinn gefur „Flugþrá“ mikla mykt en samtímis nokkuð kalda fjarlægð. Kyrrðin og hin kalda fjarlægð verksins er rofin af leiftrandi rauðri eldingu sem kemur frá himni og stöðvast við ökkla konunnar.

Inntak myndarinnar hefur löngum verið tengt goðsögunni um Ledu og svaninn og er eldingin í því samhengi tákn Seifs – í sögunni vitjar Seifur Ledu, drottningar Spörtu, í svanslíki og getur við henni tvö börn, þau Helenu fögru og Pollux. Einnig má túlka verkið út frá heiti þess og tengja það þrá mannsins eftir æðri verðmætum, flugi andans eða skáldskap. Þetta er ein af nokkrum mynda Kjarvals sem hann vann við í árabíl, en mynd þessi var í smíðum frá árinu 1935–54.

Hinn 15. október 1955 varð Kjarval sjötugur og af því tilefni hélt Menntamálaráð Íslands yfirlitssýningu á verkum hans í Listasafni Íslands. Verkin spönnuðu allan feril listamannsins og voru flest í einkaeigu. Þeir Valtýr Pétursson og Þorvaldur Skúlason sáu um sýningarstjórn en í sýningarskrá ritar Valtýr Stefánsson formála þar sem hann lætur þess getið að Menntamálaráð hafi ekki getað látið þetta stórafmæli *hins dáða og vinsæla* listamanns líða hjá án þess að minnast hans á viðeigandi hátt með yfirlitssýningu í Listasafninu. Segja þessi orð mikið um stöðu Kjarvals í íslensku menningarlífi á sjötta áratugnum.<sup>27</sup>

Bandalag íslenskra listamanna gerði Kjarval af þessu tilefni heidursfélaga sinn ævilangt. Umræðan um að ríkið byggði hús og vinnustofu fyrir Kjarval kom nú aftur upp, en 1945 hafði verið ákveðið að reisa slíkt hús. Ekki varð heldur af byggingu hússins að þessu sinni, og 1959 afsalaði Kjarval sér fjárveitingu til fyrirhugaðs Kjarvalshúss og óskaði eftir því að fjármagnið gengi sem stofnfé í byggingarsjóð Listasafns Íslands.<sup>28</sup> Má leiða að því getur að hann hafi verið langþreyttur á þeim seinagangi sem hafði einkennt málið, en samtímis endurspeglar ákvörðun hans einlægan vilja til að efla listalífið í landinu.

Kjarval hafði lengi verið talsmaður þess að byggt yrði veglegt listasafn á Íslandi og kom sú ósk oft fram í skrifum hans. Í pistli um sýningu Ásgríms Jónssonar 4. nóvember 1946 lýkur hann miklu lofsorði á listamanninn en greinin hefst með þessum orðum: *Kæri góði finí, sterki stóri, elsku Ásgrímur minn ...* Hann talar um hversu mjög hann njóti listar Ás-

<sup>26</sup> Hörður Ágústsson. „Kjarval.“ Þjóðviljinn 10. október 1954.

<sup>27</sup> Jóhannes S. Kjarval. Yfirlitssýning á vegum Menntamálaráðs Íslands í tilefni sjötugsafmælis listamannsins. Listasafn ríkisins 14. okt. - 14. nóv. 1955. Rv. 1955.

<sup>28</sup> „Kjarval afsalar sér íbúð og vinnusal.“ Morgunblaðið 15. apríl 1959.





Esjan í vorleysingu (Útsýni frá Sigtúni), 1956-57, olía á striga, 110 x 145 cm, einkaréign

gríms: *En skilyrði þyrftu að vera til þess að gleði mín héldist óblandin ... bjart og smekklegt listasafni ... allar myndirnar í einum sérstökum hóp í einum sérstökum sal, þar sem þú skildist.*<sup>29</sup> Kjarval gerði sér einnig vel grein fyrir hinum róttæku breytingum í íslensku listalífi um miðbik fimmta áratugarins og í greinum um list Svavars Guðnasonar í *Vísir* 1949 ítrekar hann enn og aftur þörfina á íslensku listasafni, svo listvinir geti jöfnum höndum notið *þess almenna í list og þess óskiljanlega*.<sup>30</sup> Í ósk Kjarvals um byggingu listasafns endurspeglast enn fremur menningarlegur metnaður hans fyrir hönd þjóðarinnar og áhugi á bættri borgarmenningu í Reykjavík, sem var gamalt baráttumál sem hann hafði sett fram í skrifum sínum um skipulag, þar sem fagurt og menningarlegt mannlíf var sett á oddinn.

Aldurinn var farinn að færast yfir Kjarval og í viðtali sem Gunnar G. Schram átti við hann tæplega 72 ára kemur fram að hann var farinn að kenna þreytu og kvíða: *Þetta [að mála] var í rauninni gleði og ánægja og spennungur, þegar maður var yngri að fara úti þetta, það er orðið svo ósilegt erfíði og kvíði. Maður kvíðir fyrir í hvert einasta skipti sem maður fer að reyna að mála mynd. – Er það svo? – Já, í hvert einasta skipti. – Já, en kemur svo ekki gleðin aftur, þegar myndin er fullgerð? – Já, það er ekki gleði, beinlínis, heldur er það bara, það er bara svona teknisk þreyta. Það er þreyta, maður er eftir sig, maður er eins og galopinn fjárhúskofi.*<sup>31</sup>

Kjarval átti þó eftir tæplega tólf ára starfsævi og marga sigra á listasviðinu þegar þessi orð voru töluð. Þrátt fyrir hina „teknisku þreytu“ var hann stöðugt í sókn, eins og Esjumyndir hans bera með sér, – en meðal verka Kjarvals frá árunum 1956–57 eru olíumálverk sem sýna Esjuna í vorleysingum. Listamaðurinn hafði þá vinnustofu sína í Sigtúni og út um glugga hans blasti Esjan við.

Verkið *Esjan í vorleysingu (útsýni frá Sigtúni)* er eitt þessara verka. Myndin er óður til umbreytingarkrafts náttúrunnar, mögnuð og tjáningarrík symfónía hvítra og grárna litatóna. Form fjallsins er aukaatriði, formgerð verksins er nánast afstrakt og leiðir hugann að hinum náttúrutengdu afstraktverkum Svavars Guðnasonar. Hér fer tjáningarkraftur Kjarvals hamföllum og hann gefur okkur enn nýja sýn á landið.

Kjarval hafði allt frá námsárum sínum fengist að einhverju leyti við gerð portrettmynda. Þekktir eru „hausarnir hans Kjarvals“, teiknaðar mannamyndir frá árunum 1926–27, og

<sup>29</sup> „Sýningarskálinn.“ *Vísir* 4. nóvember 1946.

<sup>30</sup> Jóhannes S. Kjarval. „Hvenær verður byggt málverkasafn?“ *Vísir* 19. apríl 1949; Jóhannes S. Kjarval. „Sýning Svavars.“ *Vísir* 20. apríl 1949.

<sup>31</sup> Úrvarpsviðtal Gunnars G. Schrams við Kjarval, 2. ágúst 1957. Borgarskjalasafn, E-32, kassi nr. 3.



teiknaði hann portrett af vinum og vandamönnum allar götur síðan. Hann hafði einnig um langt árabil fengist við gerð portrettmynda í olíu; árið 1927 málaði hann til dæmis portrett af nokkrum bankastjórum Landsbankans eftir pöntun. Eftir það fékkst hann alltaf af og til við gerð portrettmynda í olíu. Stundum var þetta gert að eigin frumkvæði til að heiðra góða vini, en það kom fyrir að hann málaði samkvæmt beiðni einstaklinga eða félagasamtaka.

Árið 1959 málaði Kjarval **Portrett af Ivar Modéer**. Verkið er að hluta til málað með olíulitum á pappírsarkir sem límdu eru upp á striga, en einnig málaði Kjarval beint á strigann. Umhverfis pappírsarkirnar málaði hann síðan gullkant. Verkið er að allri gerð óhefðbundið og tjáningarríkt, og liggur á mörkum þess að vera karikatúr. Ivar Modéer var prófessor í norrænum fræðum við Uppsalaháskóla og hreifst mjög af Kjarval og verkum hans. Þeir urðu vinir og báru virðingu hvor fyrir öðrum.

Í grein sem birtist í *Scripta Islandica* árið 1959 sjallar hann um list Kjarvals. Þar bendir Modéer á að portrett séu mikilvægur og lítið þekktur kafli í sögu Kjarvals og segir að það sé ekki auðvelt að fá Kjarval til að samþykkja að mála portrett, því honum geðjast ekki að því að vinna eftir pöntun, jafnvel fyrir góða þóknun. En forstjórnarnir í Reykjavík verði síðan afar hrifnir þegar þeir fá loksins portrett af sér eftir langa bið, jafnvel þótt það líkist þeim ekki alltaf – því samkvæmt skoðun Kjarvals á portrett ekki að lýsa fyrirmyndinni á sama hátt og ljósmynd, heldur sýna einkennandi drætti, á þann hátt sem listamaðurinn sér þá. Það er með gerð mannamynda í huga sem Kjarval á að hafa sagt: *Maður á ekki að taka listina of alvarlega – til þess er hún allt of alvarleg*.<sup>32</sup>

Portrettið af Ivari Modéer endurspeglar einmitt þá skoðun Kjarvals að portrett eigi ekki að líkjast ljósmynd og eigi síst af öllu að fegra fyrirsætu sína, en mikilvægt sé að verkið sýni



Portrett af Ivar Modéer, 1959, olía á pappír og striga, 94 x 64 cm, Kjarvalsstafr

<sup>32</sup> Ivar Modéer, „Jóhannes S. Kjarval.“ *Scripta Islandica*, 10/1959, sérprent, bls. 26.



Við sjóinn frammi (Sigurður í Görðum), 1959, olía á striga, 130 x 99 cm, Listasafn Íslands

persónueinkenni viðkomandi – án of mikillar alvöru. Kjarval kaus helst svipsterka karla sem fyrirmyndir. Sigurður í Görðum var einn þeirra.

Árið 1959 málaði hann Sigurð, og hlaut verkið nafnið **Við sjóinn frammi**. Sigurður situr og fyllir næstum úr í allt myndrými verksins, höfuðsmár og búkmikill, með nettar, dökkar hendur. Hrukkótt og veðurbarið andlit hans er formað á raunsæislegan hátt en líkaminn og umhverfið eru nokkuð færð í stílinn. Í þessu verki koma fram nokkur höfuðeinkenni mannamynda Kjarvals, en hann átti vanda til að gera fyrirmyndir sínar höfuðsmáar og búkmiklar og leggja áherslu á hendurnar. Túlkun hans er íðulega óhefðbundin, hann gengur oft langt í að stílfæra eða ýkja megineinkenni í fari fyrirmyndarinnar og hefur að engu hefðbundin sjónarmið um útlitsfegurð.

Þingvellir höfðu frá þriðja áratug aldarinnar skipað sérstakan sess hjá Kjarval, en þar dvaldist hann langdvölum og málaði. Frá síðari hluta sjöttra áratugarins tók hann síðan að mála í Grafningi og á Hengilssvæðinu. Skjaldbreiður hafði ávallt verið eitt af kærustu myndefnum hans og nú sýnir hann okkur fjallið eins og það blasir við úr Grafningnum. Af þessum verkum er einna þekktast málverkið **Skjaldbreiður – séð frá Grafningi** sem Kjarval málaði á árunum 1957–62. Í myndinni, sem er 204 cm á hæð, er Skjaldbreiður eins og lítil þúst við sjóndeildarhringinn en forgrunnur verksins er blásinn upp og þekur stærstan hluta myndflatarins. Kjarval beinir sjónum sínum að hinu nálæga og sýnir okkur nærmynd af yfirborði landsins. Þar getur að líta þá fegurð og litauðgi sem leynist í mosapembu og steinum sem liggja í raudum sverði jarðarinnar.

Það var ekki einungis form fjallsins Skjaldbreiðs sem kveikti sköpunarmátt Kjarvals heldur einnig tákmynd fjallsins í huga hans, skjaldmeyjan. Kjarval gerði nokkurn fjölda af skissum sem sýna skjaldmey með sverð og skjöld en Skjaldbreiður er í bakgrunni flestra þeirra. Á skissu frá 1954–55 svífur Skjaldmey-in fyrir framan fjallið, nakin með holdlegan

kvenlíkama, höfuðið sést í prófil og er andlitslaust, en hárið myndar framstæðan ennistopp. Hún ber sverð og skjöld. Í skissu frá 1955–56 er *Skjaldmey*-in kynlaus og grönn, með langa og teygða útlími. Höfuðið sést í prófil eins og á fyrri skissunni. Árið 1961 málar Kjarval enn *Skjaldmey*, að þessu sinni með olíu á striga. Líkami hennar er kvenkenndur og grannur, með langa útlími en „krullaður“ og liðamótalaus. Útlínur líkama, sverðs og skjaldar eru tvíteknaðar, en það gerir veruna kvika og órólega.

Hin liðamótalaus „*Skjaldmey*“ Kjarvals frá 1961 er lokastig í þróun hinna huglægu vera hans en svipaðar verur má einnig sjá í verkinu *Svanasöngur*, sem var í vinnslu frá 1956 til 1966. Horft er aftan á verurnar tvær, önnur er hvít með langan háls, eins og svanur. Kjarval sagði um myndina að hún væri af konum sem ekki vilja skyggja á sig neinstaðar og þess vegna hafi hann breytt hvítu verunni og sett höndina á henni upp.<sup>33</sup>

Kjarval virðist hafa verið nokkuð ánægður með veruna fyrir breytinguna og viljað varðveita hana, því á Kjarvalsstöðum er til uppdráttur af verunni á smjörpappír sem hann virðist hafa lagt á málverkið og dregið eftir útlínur hennar. Í viðtali 1966 segir Kjarval að hugmyndin að baki „*Svanasöngs*“ sé að skyggja ekki á sjálfan sig, að vera bæði bak og fyrir, en að hann haldi nú samt að önnur konan skyggi samt á eitthvað af hinni með tanni.<sup>34</sup>

25



Skjaldbreiður – séð frá Grafningi, 1957–62, olía á striga, 205 x 154 cm. Kjarvalssafn

<sup>33</sup> „Viðtal við Kjarval.“ Morgunblaðið 23. ágúst 1964.

<sup>34</sup> „Fótr með Heklumyndina austur á vörubíl.“ Morgunblaðið 23. mars 1966.





Skjaldmey, 1954–55, ollá á pappír, 49 x 68 cm, einkaeign



Skjaldmey, 1955–56, ollá á striga, 38 x 50 cm, einkaeign



Skjaldmey, 1961, ollá á striga, 102 x 152 cm, Kjarvalsafn

Í nóvember 1950 birtist í tímaritinu *Líf og list* grein eftir Kjarval sem nefnist „Íslenzkt litaspjald“. Þar kemur fram sá skilningur að náttúran sjálf – litir hennar og litbrigði sem taka stöðugum breytingum vegna árstíða, veðurfars og birtuskilyrða – sé litaspjald. Hann gerir það að tillögu sinni að bestu listamenn þjóðarinnar *skapi þróunarsögu fyrir íslenzkt litaspjald ... það er við raunverulega spjaldsetningu á náttúrulitum lands okkar og línum*.<sup>35</sup> Í samræmi við þessar hugleiðingar nefndi hann nokkur verk sín þessu nafni, „Litaspjald“, ásamt árstíðarnafni. Í þessum verkum, sem flest eru frá tímabilinu 1955–65, sýnir hann ekki hið eiginlega litaspjald heldur er um að ræða landslagsmyndir þar sem hann kannar litbrigði náttúrunnar á ýmsum tímum árs. *Litaspjald – sumar* frá 1963 er eitt þessara verka og þar túlkar hann sumarlíti hraunsins. Í verkinu *Litaspjald náttúrunnar* frá 1966 sýnir Kjarval hins vegar litaspjald í náttúrunni. Hann dregur upp útlínur litaspjaldsins í forgrunn verksins en aðgreinir það ekki að öðru leyti og sýnir þannig hin órjúfanlegu tengsl litaspjaldsins við náttúruna. Í verkinu *Litaspjald* frá um 1965 málar Kjarval hins vegar litaspjald í kúbíseruðu landslagi, en í takt við hugmyndir sínar um að náttúran sé í raun litaspjald gætir hann samræmis á milli litanna á litaspjaldinu og í landslaginu umhverfis.

<sup>35</sup> Jóhannes S. Kjarval, „Íslenzkt litaspjald.“ *Líf og list*, 1. árg. 8. hefti, nóvember 1950.

Kjarval vann oft lengi við sama verkið og gat þróun eins verks tekið áratugi. Árið 1964 lauk hann við tvö verk sem hann hafði lengi unnið að, „Svanasöng“ sem getið er um hér að framan og stóra mynd af Heklu sem síðar fékk nafnið **Heyþurrkur eftir Heklugos**. Í viðtali við Kjarval kemur ýmislegt athyglisvert fram um tilurð myndarinnar sem hann kaus að kalla „mynd málarans“: *Mynd málarans gætum við kallað hana. Ég hef málað margar myndir af Heklu. Þegar einhver vinur hefur komið og einhver vinur hans hefur átt afmæli. Þá hef ég málað myndir af Heklu. En þessi er öðruvísi. Ég var búinn að gera hana fyrir nærri 17 árum en ég var ekki ánægður með hana. Svo breytti ég henni og hatti við hana. En nú fyrir rúmum mánuði réðist ég að henni á ný. Líklega let ég hana vera svona. Það er að morgna vinstra megin. Til hægri er nóttin að hverfa.*

Aðspurður segist hann hafa byrjað á myndinni þegar gosið stóð 1947: *Já, það voru ósköp sem á gengu. Og mikil var litadýrðin þegar hraunið vall fram, eða þessir glóandi steinar skullu niður á víðihrislurnar. Hvernig þær blánuðu og dóu. Ég stökk einu sinni og greip glóandi stein sem hafði lent á einni hrislunni og henti honum í burtu. Ég var fullur af hugsjónum eins og skáti eða ungmennafélagi. Það hefur ráðið því að ég greip steininn.<sup>36</sup>*

„Heyþurrkur eftir Heklugos“ var seld á uppboði í mars 1966. Kjarval segir í viðtali að hann hafi farið með myndina austur á vörubíl og að myndin væri á hjörum vegna stærðarinnar. Síðan væri hann búinn að mála ofan í hana, hreinsa stundum mikið úr henni aftur, æ ofan í æ, af og úr, og *svei mér ef ég er búinn með hana enn, og þó.<sup>37</sup>*

Í október 1965 varð Kjarval átttræður og af því tilefni efndu vinir hans til sýningar í Listamannaskálanum á um þrjátíu málverkum Kjarvals í einkaeigu. Við opnun sýningarinnar í Listamannaskálanum 15. október tilkynnti Geir Hallgrímsson borgarstjóri að ákveðið hefði verið að borgin stæði fyrir byggingu nýs listamannaskála á Miklatúni.<sup>38</sup> Hannesi Davíðssyni arkitekt var falið að hanna húsið. Það kom í hlut Kjarvals að taka fyrstu skóflustunguna á Miklatúni hinn 18. ágúst 1966, en Kjarvalsstaðir voru formlega opnaðir með veglegri Kjarvalssýningu 24. mars 1973, tæpu ári eftir lát Kjarvals.



Svanasöngur, 1956–66, olía á striga, 157 x 134 cm, Listasafn Íslands

<sup>36</sup> „Viðtal við Kjarval.“ Morgunblaðið 23. ágúst 1964.

<sup>37</sup> „Fór með Heklumyndina austur á vörubíl.“ Morgunblaðið 23. mars 1966.

<sup>38</sup> „80 þúsund á fyrsta degi.“ Alþýðublaðið 17. október 1965.



Vera, um 1960, olía á pappi, 56 x 125 cm, Kjarvalsúafi

Í viðtali við Kjarval skömmu eftir 80 ára afmælið segist hann þjást af svefnleysi, ekki hafa áhuga á neinu núna, vera utan við hið hversdagslega mannlega og ómannlega, vera þreyttur af engu og hafa enga ástríðu til að fara út á land að mála.<sup>39</sup>

Það rættist þó úr hjá honum. Sumarið 1966 fór Kjarval að stunda böð í Bleikdalsá á Kjalarnesi, og samtímis varð áin og umhverfi hennar honum efni í nýja myndröð. Kjarval hafði áður málað við ána en þá hafði hann skynjað umhverfið á annan hátt. Í verki frá 1949 hafði hann málað ána með Esju í bakgrunni. Nú var það árbakkinn sem varð honum meginviðfangsefni. Í viðtali haustið 1966 segir hann um tilurð Bleikdalsármyndanna: *Ég náði þessu út úr böðunum. Loksins opnaðist fyrir mér nýr heimur fyrir móttívi. Ég fór uppeftir bara af heilbrigðisástæðum og svo loksins finn ég þetta móttívi. Mikið óskapa skelfing er þetta einkennilegt. Þarna hefur þú fundið nýtt móttívi sem passar fyrir myndlist.*<sup>40</sup>

Myndirnar frá Bleikdalsá sýna hvernig Kjarval virðist fyrst skoða umhverfi sitt í stærra samhengi en þrengja síðan sjónarhorn sitt. Í verkinu **Nú andar hlýju vori (Fjallasvalinn angar/Bleikdalsá)** frá 1966 sýnir Kjarval Bleikdalsá og bakka hennar þar sem ávalur hvítur steinn og teningslaga grár steinn mynda formrænar andstæður. Í bakgrunni sjást hlíðar Esjunnar. Í verki máluðu ári síðar, **Bleikdalsá**, hefur Kjarval þrengt sjónarhorn sitt. Esjan er ekki lengur sýnileg en hvíti steinninn er burðarás myndarinnar og það eru litauðgi árbakkans og ljósflokt á vatnsyfirborðinu sem fanga athygli hans. Þessi myndröð varð hans síðasta.

Eins og áður er getið var kúbismi ein þeirra stíltegunda sem Kjarval hafði fengið við frá námsárum sínum. Hin kúbísku verk hans frá því um 1920 vísa fremur í danskan kúbisma og þýskan expressjónisma en hinn eiginlega franska kúbisma að hætti Picasso og Braque, en


<sup>39</sup> „Ég er þreyttur af engu.“ Vísir 28. október 1965.

<sup>40</sup> „Mörg ný málverk eftir Kjarval á uppboði í dag.“ Morgunblaðið 22. nóvember 1966.





Litaspjald, sumar, 1963, olía á striga, 106 x 160 cm. Kjarvalhsafn



Litaspjald náttúrunnar, 1966, olía á striga, 102 x 155 cm, Einkaeygn



Litaspjald, um 1965, olía á striga, 34 x 39,5 cm, einkaeygn



Heyburður eftir Heklugos, 1947–66, olía á striga, 162 x 275 cm, Listasafn Íslands

myndmál Kjarvals var þrívíddarmyndgerð með hyrningslaga formbyggingu. Um 1930 vann Kjarval kúbískar abstraksjónir, sem oft voru skrautkenndar með ýmiss konar tíglaunstri og á sama tíma fór að bera á kúbískri umskrift í landslagsverkum hans, sem hann þróaði áfram á næstu áratugum.

Í verkinu „Listin er vinna“ bregður fyrir kúbískum stílbrögðum og frá fimmta áratugnum eru varðveittar kúbískar myndir unnar á pappír. Hugsanlega hefur Kjarval þróað þessa stílgerð sína með hliðsjón af afstraktmálverkinu sem á sjötta áratugnum var afar áberandi í íslensku málverki og brugðist þannig við þróun myndlistar samtímans.

Kjarval málaði verkið *Leysing* árið 1964. Hann byggði verkið upp með teningslaga formum sem í nedri hluta myndarinnar þéttast og taka stefnu til hægri, eins og þau vilji sprengja sig út úr myndinni. Í verkinu *Úr Vífilstaðahrauni (Yndisleg vornótt)* frá 1966 hefur Kjarval umskrið hluta af landslagsmóttífi yfir í kúbískt myndmál eins og til að leggja áherslu á tengslin milli hinna kúbísku verka og landslagsmálverkanna.

Í einu síðasta landslagsmálverki Kjarvals, sem kallað hefur verið *Frá Þingvöllum* og er málað 1967–68, er eins og hin kúbíska umskrift eða sundurgreining hins smágerva í forgrunni verksins og hin náttúralíska sýn á fjallahring og himin gangi upp í eina heild og sættist í heilsteypta og fingerða mósaík. Verkið er þannig að færa okkur nýja sýn á Þingvelli, en þar hafði Kjarval þá unad sér í áratugi við að festa á lérefi undur hins helga staðar.

Myndin er ein hin síðasta sem Kjarval málaði þar. Starfskraftar hans fóru nú þverrandi. Í viðtali í febrúar 1968 segist hann teikna eitthvað og mála svolítið, en það sé bara inniföndur.<sup>41</sup>

Hann kom síðast í Hvamminn þá um haustið, fékk lykil að húsi sínu á Ketilsstöðum og fór síðan gangandi í átt að hvamminum. Daginn eftir var hann farinn. Nokkrum dögum síðar barst Birni bónda bréf frá Kjarval: *Hér með sendi ég þér í þessu bréfi kærar kveðjur og lykilinn að Hvammi. Þó engin lækur ljóðaði er Hvammurinn gladdur og góður. Verið þið blessuð öll börn og Björn.*<sup>42</sup>

Í janúar 1969 var hann að eigin ósk lagður inn á Landspítalann og setti þar með punkt aftan við langan og gifturíkan feril sem hófst í Borgarfirði eystra á fyrstu árum aldarinnar. Kjarval lést 13. apríl 1972.

<sup>41</sup> „Sótti um pláss sem málari – annað ekki.“ Morgunblaðið 10. febrúar 1968.

<sup>42</sup> Björn Guttormsson, „Kjarval í sumarbústað.“ Samvinnan, júl 1974, bls. 31.



Leysing, 1964, olía á striga, 112 x 10 cm, einkaeign

31



Úr Vífilsstaðahrauni (Yndisleg vorrótt), 1966, olía á striga, 110 x 136 cm, einkaeign



Frá Þingsvöllum, 1967-68, olía á striga, 108 x 137 cm, einkaeign





Nú andar hlýju vori (Fjallasvalinn angar/Bleikdalsá), 1966, olía á striga, 100 x 140 cm, einkaeign



Bleikdalsá, 1967, olía á striga, 100 x 152 cm, Kjarvalsafn

Kjarval stóð utan og ofan við meginstrauma í íslenskri myndlist á því tímaskiði sem hér hefur verið til umfjöllunar, en um miðjan fimmta áratuginn var hann orðinn þroskaður listamaður með mótaða lífssýn og stíl. Hann var sprottinn úr jarðvegi þjóðernishyggjunnar og sem listamaður mótaður af möðernisma fyrstu áratuga aldarinnar. Verk hans frá tímabilinu 1946–68 eru eðlilegt framhald verka hans frá fyrri tíð og á þessu tímaskiði koma ekki fram neinar afgerandi breytingar á list hans. Ferill hans einkennist fremur af jafnri stígandi og nýjum útfærslum á þeim meginhugmyndum sem fram voru komnar um 1945.

Hann var trúr landslagsmálverkinu og málaði úti eins lengi og heilsa hans leyfði. Teikningin verður með árunum æ ríkari þáttur í olfumálverkum hans og þær figúrir sem birtust í landslagsverkunum fengu með tímanum aukid sjálfstæði og vægi. Í landslagsverkunum gætir tilhneigingar til að fjarlægjast hið monúmentala en skoða hið nálæga og smágerða, eins og síðasta myndröð hans frá Bleikdalsá ber með sér.

Með Kjarval hvarf einn frumlegasti og sérstakasti listamaður þjóðarinnar af sjónarsviðinu, en hið stórbrotna lífsverk hans lifir og er mikilvægur hluti íslensks menningararfs. Þennan arf ber að varðveita af kostgæfni.

Kristín G. Guðnadóttir

# Jóhannes Sveinsson Kjarval – Æviferill 1946–1972

1946

Jóhannes Kjarval birtir í fyrsta hefti Eimreiðarinnar árið 1946 stutta sögu, „Grádögg“, með eigin myndskreytingu. Var hún um fyrstu ástir pilts og stúlku.<sup>1</sup>

Nordisk Kunstforbund stóð að norrænni samsýningu í Kunsternes Hus í Ósló frá 8. júní til 8. júlí. Var þetta fyrsta samsýning samtakanna. Hún hét „Fem lands kunst i fem år“ og átti Kjarval þar fimm myndir, allar í einka-eigu.<sup>2</sup> Kjarval gerði víðreist um landið á árinu. Hann hélt tryggð við Þingvelli og málaði þar nokkrar landslagsmyndir.<sup>3</sup> Um sumarið dvaldist hann um hrið austur á Siðu og hugsanlega í Fljótshverfinu og til er nokkur fjóldi verka sem hann málaði í þeirri dvöl.<sup>4</sup> Hann hélt svo vestur á Snæfellsnes um haustið og málaði mikið. Líklegt er að hann hafi málað verkið „Gaman er að lifa“ í eigu Listasafns ASÍ í þessari ferð.<sup>5</sup>

Siða hausts árið 1946 skrifaði Kjarval grein í Vísi um sýningu Ásgríms Jónssonar, sem þá stóð yfir. Var hann yfir sig hrifinn af verkom síns gamla lærifóður: „Eg er ákaflega hrifinn – ákaflega þakklátur – ákaflega glaður – glaður yfir getu þinni, og áfköstum – þinni fjólbreytni – þínum einfaldleik – þínum kraftbirtingum, eins og skáldið mundi orða það – frá ýmsum tímum – þinni heiðríkju, skýjafans og gróðrarími, – öllu, þínum teikningum þínum compositionum.“<sup>6</sup>

1947

Sýning á 40 málverkum og 16 teikningum eftir Kjarval var opnuð sunnudaginn 9. febrúar kl. 14 í Listamannaskálanum. Kom fram í bæjarblöðunum að öll væru verkin gerð á þeim tæpu tveimur árum sem liðin voru frá síðustu sýningu. Ekkert þeirra var til sölu.<sup>7</sup> Flest verkanna voru landslagsverk frá þeim stöðum á landinu sem hann hafði löngum sótt myndefni til, frá Skagaströnd, úr Óxnadal, af utanverðu Snæfellsnesi, frá Þingvöllum og úr Vestur-Skaftafellssýslu. Á sýningunni voru þó nokkur verk þar sem efniviðurinn var sóttur annað en til náttúrunnar. Þar var verkið „Gula kannan“ og verk sem kallað var „Prófessorinn“, sem og verk sem hét í sýningarskrá „Hver er maðurinn?“ en er nú í eigu Listasafns Reykjavíkur undir nafninu „Þingvallaböndinn“. Þar sýndi hann einnig sex teikningar sem sóttu innblástur til Jónasar Hallgrímssonar og skáldskapar hans. Sýning þessi fékk ekki eins mikla athygli í blöðum og sýningin 1945. Aðsókn var hins vegar góð í upphafi og hófðu 3000 manns séð hana 15. febrúar.<sup>8</sup>

Um það leyti sem Kjarval opnaði sýninguna í Listamannaskálanum flutti hann aðsetur sitt af heimili Jóns Þorsteinssonar og Eyrunar Guðmundsdóttur og á Njálsgötu 64 til Kristjáns Jónssonar sem rak þar verslunina Kiddabúð. Þar bjuggu einnig Bjargmundur, bróðir Kjarvals, og kona hans, Herdís Kristjánsdóttir, móðir Kristjáns, ásamt börnum sínum. Fékk Kjarval að hafa vinnustofu fyrir ofan verslunina og svaf hann þar jafnframt á bedda. Mun Kristján hafa gerst einkonar fjárhaldsmaður Kjarvals um þetta leyti og sá um að hann skorti aldrei fé. Auk þessarar aðstöðu hélt hann vinnustofu sinni í Austurstræti.<sup>9</sup>

Um vorið 1947 stóð Nordisk Kunstforbund að samsýningu í Liljevalchs konsthali í Stokkhólm, og var hún kölluð „Nordisk Konst 1946–1947“. Verk sextán íslenskra listamanna voru þar sýnd og átti Kjarval eitt þeirra, „Landslag frá Þingvöllum“ frá 1946.<sup>10</sup>

Kjarval skrifaði greinina „Listmál“ í Vísi í apríl 1947. Vék hann þar að mikilvægi umfjöllunar um myndlistarsýningar í blöðum.<sup>11</sup> Hann skrifaði jafnframt grein í sama blaði í júlí og fjallaði þar um Nínu Sæmundsson. Kallaði hann greinina „Listin.“<sup>12</sup>

Kjarval málaði bæði á Snæfellsnesi og á Þingvöllum þetta ár.<sup>13</sup> Einnig er ljóst að hann varð fyrir miklum áhrifum af Heklugosinu sem hófst í lok mars og fór þá að hraunbrúninni. Í viðtali árið 1966 sagði hann: „Þetta var stórkostlegt þetta Heklugos, að sjá hraunið renna yfir víðirinn, finna blómallinn, hraunið rann og loginn brann.“<sup>14</sup> Í grein frá 1960 segir hann svo frá því þegar hann bjargaði víðirunna frá glóandi hraunmola í þessari ferð.<sup>15</sup> Til eru nokkur verk sem sækja innblástur til Heklugossins og tók hann m.a. að mála verkið „Heyþurrkur eftir Heklugos“ á þessu ári, en lauk því ekki fyrr en 1966.<sup>16</sup>

1948

Kjarval átti verk á sýningu sem Tónlistarfélagið stóð að í Listamannaskálanum í apríl 1948. Hét það „Hraundrangar“ og var vinningur í happdrætti til styrktar félaginu.<sup>17</sup> Seinna um vorið hélt hann austur í Skaftafellssýslu til að mála.<sup>18</sup> Um sumarið lagði hann svo leið sína austur á Hérað og stefndi í Borgarfjörð eystra. Nam hann þá staðar í hvammí einum í landi Ketilsstaða í Hjaltastaðabinghá. Fékk hann leyfi hjá Birni Guttormssyni bónda á Ketilsstöðum að tjalda í hvamminum. Daginn eftir sagði Kjarval honum að hann hefði orðið fyrir djúpum áhrifum af staðnum og umhverfi hans og óskaði hann eftir því að fá að reisa sér þar sumarhús. Veitti Björn góðfúslega leyfi fyrir því. Næstu tuttugu árin kom Kjarval oft í hvamminn, bæði til að hvíla sig frá skarkæla höfuðstaðarins og til að sækja efnivið í málverk sín. Fyrstu tvö árin gisti hann í tjaldi í hvamminum en árið 1950 reis sumarhúsið, sem þar stendur enn, og enn síðar bátaskýli yfir bátinn „Gullmávin“.<sup>19</sup>

Eftir að Kjarval hafði heillast af hvamminum litla og fenglið vilyrði fyrir skikanum til að byggja þar sumarhús hélt Kjarval áfram fór sinni til Borgarfjarðar. Þar dvaldist hann nokkuð lengi þetta sumar og málaði mikið. Hafði hann barnaskólann til umráða og um haustið, þegar hann fór að huga að heimferð, hélt hann sýningu á afrakstri sumarsins fyrir heimamenn í skólahúsnæðinu.<sup>20</sup> Meðal þess sem hann málaði í þessari ferð er verkið „Heimahagar“ í eigu Listasafns Reykjavíkur og „Sjón er sögu ríkari“ sem alþingi gaf danska þjóðþinginu árið 1949. Úr hvamminum málaði hann einnig verkið „Sumar við Seifljót“.<sup>21</sup>



Kjarval lét ekki staðar numið í Reykjavík eftir ferðina austur á land. Hann fór þetta haust bæði til Akureyrar og út á Snæfellsnes og allt bendir til þess að verkið „Haustlítr á Snæfellsnesi“, sem birtist í Helgafellsbókinni um Kjarval árið 1950, hafi orðið til í þessari ferð.<sup>22</sup>

Félag íslenskra myndlistarmanna hélt sýningu í nóvember 1948. Kjarval átti þar fjögur verk, sem hétu „Alviska einstæðingsskaparins (eða glíman við engilinn)“, „a Fluglar“, „b Fluglar“ og „Bláberjalyng“. Öll voru þessi verk í einkaeigu.<sup>23</sup>

#### 1949

Hinn 19. febrúar 1949 opnaði Kjarval sýningu í Listamannaskálanum á 63 verkum. Ekkert þeirra var til sölu. Tók listamaðurinn sjálfur á móti gestum við opnunina í vinnuslopp og var rétt búinn að sleppa penslinum þegar þeir fóru að streyma inn. Flest verkin voru landslagsverk, m.a. verk úr Borgarfirði eystra sem hann hafði málað sumarið 1948, t.d. „Sjón er sögu ríkari“. Þó má segja að meira hafi borð á verkum þar sem hann sækir efnivið í eigin hugarheim en á sýningunum 1942, 1945 og 1947. Þarna sýndi hann t.d. í fyrsta sinn verkið „Reginsund“ í eigu Listasafns Íslands, sem í sýningararká er kallað „Öndvegisstólpum stafni frá“, verkin „Í fjarðarmynni“ og „Sól og sumar“, eða „Sólbað og þrældómur“ eins og verkið hét þá, og verk sem síðar fékk titilinn „Ævintýri á hafinu“ en hét þá „Ævintýri um ævintýri“.<sup>24</sup>

Góð aðsókn var að sýningunni og undir lok hennar hófu um fjögur til fimm þúsund manns séð hana.<sup>25</sup> Ýmsir skrifuðu í blöðin og fóru lofsamlegum orðum um sýninguna. Jón Þorleifsson skrifaði til að mynda í Morgunblaðið og sagði að þarna hefðu verið sýndar „hugmyndir“ sem mætti telja meðal merkustu mynda Kjarvals. Benti hann í því sambandi á verkin „Sjálftætt fólk“ sem hann sagði sérlega fallega mynd „í öllum sínum margbreytileik og ríku hugmyndaflugi“ og „Reimleika hugans“. Um þessi verk sagði hann: „Að þessum myndum hefur Kjarval auðsjáanlega unnið lengi og þaulhugsað í litum og línun.“<sup>26</sup> Í Vísí 1. mars 1949 birtist viðtal við Kjarval í tilefni af sýningunni í Listamannaskálanum. Þar vék hann m.a. að fyrstu skrefum sínum á listabrautinni heima í Geitavík og að þeirri tilsoðn sem hann fékk þegar hann kom til Reykjavíkur.<sup>27</sup>

Í mars birti Kjarval órstutta kláusu í Vísí um sýningu Gunnars Magnússonar sem sýndi þá verk sín í sýningar-sal Ásmundar Sveinssonar.<sup>28</sup> Um svipað leyti birtist stutt grein í Vísí eftir Kjarval þar sem hann spurði hvenær málverkasafni á vegum ríkisins yrði byggt. Var hún skrifuð í tilefni af sýningum Guðmundar frá Miðdal og Svavars Guðna-sonar.<sup>29</sup> Kjarval skrifaði í apríl tvær aðrar greinar um sýningu Svavars og hafði hún augljóslega mikil áhrif á hann,<sup>30</sup> og aðra grein um sýningu Guðmundar.<sup>31</sup>

Kjarval átti þrjú verk á norrænni listsýningu á vegum Nordisk Kunstforbund sem opnuð var í Charlottenborg í maí 1949 og síðar í Den Frie-listsainum í Kaupmannahöfn. Öll verkin voru landslagsverk í eigu Listasafns Íslands.<sup>32</sup> Fátt er vitað með vissu um ferðir Kjarvals um sumarið. Ljóst er að hann dvaldist í júlí og fram í ágúst í hvamminum í Ketilsstaðalandi og málaði hann þar nokkrar myndir.<sup>33</sup> Einnig kann að vera að Kjarval hafi verið á ferð á Snæfellsnesi til að mála um haustið.<sup>34</sup>

Kjarval skrifaði í desember um sýningu Kristins Péturssonar í Vísí.<sup>35</sup> Í sama mánuði birti hann ljóð í Vísí í til-efni af listsýningu sem Sigurður Benediktsson stóð að í íþróttahúsi Jóns Þorsteinssonar á erlendri list. Kallaði hann ljóðið „Útlend list minnst við Ísland“.<sup>36</sup>

#### 1950

Kjarval átti tvö verk á sýningu sem opnuð var í Ateneum í Helsinki á vegum Nordisk Kunstforbund 25. mars. Bæði voru verkin í eigu Listasafns Íslands og báru titilinn „Landslag“.<sup>37</sup> Í sama mánuði var svo haldin samsýning 12 lista-manna undir yfirskriftinni „Portrait's-sýning“ í sýningar-sal Ásmundar Sveinssonar. Kjarval átti þar 5 verk.<sup>38</sup>

Um sumarið dvaldist Kjarval í allangan tíma austur á fjörðum og á Héraði. Þá reis sumarhúsið hans í hvamminum í landi Ketilsstaða og þar dvaldist hann um tíma þetta sumar og málaði.<sup>39</sup> Enn var hann fyrir austan undir lok septembermánaðar til að fagna 90 ára afmæli Þórunnar frænku sinnar í Geitavík í Borgarfirði.<sup>40</sup>

Heimildir segja að Kjarval hafi verið á Snæfellsnesi þegar hann varð 65 ára 15. október 1950. Þar var honum haldin veisla hjá vini hans Finnoga Lárussyni á Laugarbrekku.<sup>41</sup> Á sama tíma birti Kjarval í Morgunblaðinu ljóðið „Mál hinna þöglu veggja gistihússins“.<sup>42</sup> Kjarval málaði líka á þingvöllum þetta haust en sagði þó í viðtali í nóvemberhefti tímaritsins Líf og list, þá nýkominn heim eftir að hafa verið að mála á þingvöllum fram í myrkur: „Annars hef ég unnið meira annars staðar á landinu undanfarin misseri, á Snæfellsnesi, í Borgarfirði eystra, í Hjalastaða-þinghá.“<sup>43</sup> Í sama tölublaði skrifaði Kjarval svo stutta grein sem hét „Íslenskt litaspjald“. Þar lagði hann áherslu á að íslenskir listamenn ræktuðu með sér innsýn „á náttúruleiti landsins og línun“ og að það væri sá grunnur sem hægt væri að byggja íslenska „komposition“ á.<sup>44</sup> Í nóvember gaf Helgafell einnig út bók um Kjarval með inngangs-orðum eftir Halldór Kiljan Laxness. Fjöldi ljósmynda var í ritinu af verkum Kjarvals frá ýmsum tímum. Margar þeirra voru í lit og var það í fyrsta sinn sem litljósmyndir af verkum Kjarvals birtust á prenti.<sup>45</sup>

Í desember var haldin sýning í Þjóðminjasafninu á verkum sem senda átti á yfirlitssýningu á íslenski myndlist í Ósló í byrjun næsta árs. Þar voru sýnd sjö velþekkt málverk eftir Kjarval auk telkinga úr eigu Listasafns Íslands. Meðal verkanna voru „Fornar slóðir“, „Listin er vinna“ og „Haustlítr“ frá Snæfellsnesi en ljósmyndir af öllum þessum verkum hófu birst í Helgafellsbókinni.<sup>46</sup>

#### 1951

Í febrúar 1951 var íslenska sýningin í Ósló síðan opnuð í boði Bildende Kunstneres Styre og Kunstneres Hus. Sýningin var einnig sett upp í Stafangri, Haugasundi, Björgvín, Álasundi og Þrándheimi.<sup>47</sup> Kjarval mun að auki hafa tekið þátt í samsýningu í Listvinasalnum í húsi Ásmundar Sveinssonar við Freyjugötu í maí 1951.<sup>48</sup>

Indriði G. Þorsteinsson getur þess að Aase Kjarval hafi komið í heimsókn til Kjarvals í júlímánuði þetta ár og





Björn Guttormsson, Birgir Kjaran og Kjarval fyrir framan hús listamannsins í hvamminum í Ketilsstaðalandi.

hafi hann þá lítið sinnt málverkj.<sup>49</sup> Líkindi eru þó á því að Kjarval hafi farið í ferð með Guðmundi Sveinssyni í Landmannalaugar í vikulíma þetta sumar. Þá málaði hann ekkert þótt hann hefði verkfærin með sér. Um haustið fór hann aftur í Landmannalaugar með Guðmundi ásamt nafna hans Jónassyni og Agli Kristbjörnssyni til að festa landslagið á léreft. Þá fór að srija en Kjarval náði þó að teikna upp tvær myndir. Síðar málaði hann andlit samferðarmanna sinna í aðra myndina og kallaði hana „Ferðafélagar“.<sup>50</sup> Ráða má jafnframt af heimildum að Kjarval hafi verið á ferð austur í Hjaltaastaðapinghá um haustið og vestur á Snæfellsnesi.<sup>51</sup>

Átta Kjarvalsmálverk og fimm andlitsteikningar voru á opnunarsýningu Listasafns Íslands 27. ágúst 1951.<sup>52</sup> Kjarval skrifaði grein í Morgunblaðið 23. september og hét hún „Sýningarsalir“ í tilefni af sýningu Alfreds Jenssens í nýjum sýningarsal í Þjóðminjasafninu.<sup>53</sup> Kaffi úr bókinni „Grjót“ eftir Kjarval birtist í listtímaritinu Líf og list í október og í sama hefti var ljóð eftir listamanninn um Snæfellsjökul með tveimur teikningum höfundarins.<sup>54</sup>

## 1952

Kjarval tók þátt í samsýningu íslenskra listamanna á vegum menntamálaráðuneytis Belgíu og Menntamálaráðs Íslands í Palais voor Schone Kunsten í Brüssel. Stóð sýningin frá 5. til 27. apríl. Kjarval átti þar flest verk allra listamanna, sjö ollumálverk og þrjár teikningar. Meðal verkanna voru „Listin er vinna“ og „Mosi og hraun“ í eigu Listasafns Íslands.<sup>55</sup>

Í bréfi frá lokum ársins segir Kjarval að hann hafi aðallega dvalist í bænum um sumarið. Þó segist hann hafa farið í vikufri „norður og austur um land“. Virðist Kjarval því fyrst og fremst hafa málað í nágrenni Reykjavíkur þetta sumar.<sup>56</sup>

Um haustið stóð Nordiska Konstförbundet fyrir samsýningu þriggja íslenskra málara, þeirra Ásgríms Jónssonar, Jóhannesar Kjarvals og Jóns Stefánssonar, í Konunglega akademíinu í Stokkhólm. Kjarval átti þar 19 olluverk og sex teikningar. Meðal verkanna voru „Haustlítr“ frá 1948 og „Listin er vinna“.<sup>57</sup> Um haustið var einnig haldin samsýning 23 listamanna undir yfirskriftinni „Úr naustum“ í Listvinasalnum við Freyjugötu. Áttu verkin það sammerkt að efniviður þeirra var á einn eða annan hátt söttur til hafnsins. Kjarval átti þar þrjú verk.<sup>58</sup> Kjarval skrifaði stutta orðsendingu í Morgunblaðið í október til Björns Th. Björnssonar. Þar hvattí hann til þess að Björn héldi við „málfrelsinu ... um listirnar“.<sup>59</sup> Í þriðja hefti Tímarits Máls og menningar birtist líka kvæði eftir Kjarval sem bar heitið „Snotra“. Yrkisefnið var sótt í íslenskar þjóðsögur.<sup>60</sup> Athyglisvert viðtal við Kjarval birtist svo í Tímanum á aðfangadag jóla. Þar ræddi Kjarval um ýmsar dularfullar sýnir í náttúrunni og leitaðist við að skýra slíkar myndir sem „bergmál frá gömlum tíma“ sem varðveittust í náttúrunni.<sup>61</sup>

1953

Í mars var haldin samnorræn sýning á vegum Nordisk Kunstforbund sem nefndist „Nordisk kunst 1953“. Var hún fyrst opnuð í Bergens Billedgalleri og Bergens Kunstforening en síðan sett upp í Kunsternes Hus í Ósló. Kjarval átti þrjú verk á þessari sýningu.<sup>62</sup>

Um sumarið var Kjarval langdvölum í Borgarfirði eystra. Kom hann þangað sjóleiðis um miðjan júlí og hafði aðstöðu í barnaskólahúsinu. Þar skildi hann eftir nokkur verk og voru þau ennþá blaut þegar hann hélt suður um haustið.<sup>63</sup> Seinna um haustið gaf Kjarval skólanefndinni hófðinglega peningagjöf til að steypa upp gölfid í skólanum.<sup>64</sup> Flest landslagsverka Kjarvals sem sögð eru frá þessu ári eru þó máluð í nágrenni Reykjavíkur eða á Þingvöllum. Má þar nefna verkið „Bláskógaheiði“ í eigu Listasafns Reykjavíkur. Jafnframt eru „Fyrstu snjóar“ í eigu safnsins frá þessu ári.<sup>65</sup>

1954

Í janúar birti Kjarval í Morgunblaðinu ljóðið „Eimskip 40 ára. Afmælisljóð til Guðmundar Vilhjálmssonar framkvæmdastjóra 17. janúar 1954“.<sup>66</sup> Hann átti þrjú verk á sýningu sem haldin var í febrúar í Listamannaskálanum í Kirkjustræti í tilefni af fimmtugsafmæli Ragnars Jónssonar í Smára.<sup>67</sup>

Í byrjun aprilmánaðar var opnuð samsýning á verkum íslenskra listamanna í Ráðhússalnum í Kaupmannahöfn. Þar átti Kjarval fimm verk, m.a. „Fornar síðdir“, „Listin er vinna“ og „Mosi við Vífilsfell“ í eigu Listasafns Íslands. Honum hafði þá verið boðið til Kaupmannahafnar til að taka þátt í kvöldverði á vegum akademiunnar þar sem verið var að fagna 200 ára afmæli skólans. Þar átti að sæma Kjarval heiðursnafnbót skólans. Kjarval átti hins vegar ekki heimangengt í byrjun apríl en þegar forsvarsmenn Loftleiða fengu pata af því buðu þeir honum til Kaupmannahafnar. Kjarval þáði boðið, hélt utan 21. apríl og var í Danmörku í viku.<sup>68</sup> Þá birtist við hann stutt viðtal í Ekstra-bladet þar sem hann var m.a. spurður að því hvers vegna hann hefði einangrað sig á Íslandi. Svaraði hann að hann hefði orðið bergmunn af heimalandi sínu.<sup>69</sup> Sýningin í Ráðhúsinu var einnig sett upp í Árósum seinna um vorið. Í maí birti Kjarval í Morgunblaðinu hugleiðingar í tilefni af sýningu Órlygs Sigurðssonar og varpa þær nokkru ljósi á afstöðu hans til þróunar listarinnar, einkum í ljósi nýjustu hugmynda um hið óhlutbundna málverk.<sup>70</sup> Kjarval máladi þetta ár nokkuð í nágrenni Reykjavíkur og á Þingvöllum. Til eru tvær myndir úr Krýsuvík sem sagðar eru frá þessu ári og víst er að á þessu ári málaði hann nokkrar myndir á Þingvöllum, m.a. „Snjó og gjá“ eða „Vetrarmynd frá Þingvöllum“.<sup>71</sup> Hann fór austur á land um sumarið til að mála og dvaldist m.a. á Borgarfirði eystra eins og sumarið áður.<sup>72</sup> Um haustið skrappt hann vestur á Snæfellsnes en staldraði stutt við og ekki er vitað hvort hann málaði í þeirri ferð.<sup>73</sup>

Hinn 2. október opnaði Kjarval sýningu á 74 verkum í Listamannaskálanum. Þar voru bæði landslagsverk, svo sem frá Borgarfirði eystra, Þingvöllum, Snæfellsnesi og Krýsuvík, og verk þar sem listamaðurinn sækir efnivið sinn annað, m.a. „Flugbrá“ í eigu Listasafns Íslands. Sú mynd sem vakti einna mesta athygli var „Kritik“ sem hann sýndi í fyrsta skipti á þessari sýningu. Sýningin vakti gífurlega hrifningu bæjarbúa og var bæði fjölsótt og mikið um hana fjallað í blöðunum. Hún var tvíframlengd og þegar yfir lauk hófu líklega um tíu þúsund manns séð hana. Síðasta daginn þurfti dyrvörðurinn að loka salnum og hleypa fólk inn í hópum.<sup>74</sup>

Ýmsir fundu sig knúna til að tjá sig um verkin í blöðunum og þar voru ekki aðeins sérfróðir myndlistargagnrýnendur á ferð. Allir virtust þó sammála um að sjaldan hefðu jafn stórfengleg listaverk komið fyrir almenningssjónir á Íslandi.<sup>75</sup> Kjarval boðaði svo blaðamenn á sinn fund á Hótel Borg 12. október en tók loforð af þeim um að skrifa ekkert niður. Nokkrir virðast þó hafa óhlýðnast því allnákvaem frásögn birtist bæði í Morgunblaðinu og Þjóðviljanum af því hvað hraut af vörum listamannsins. Þar ræddi hann m.a. um stóðu mannsins gagnvart náttúrunni og afstöðu hans sem listamanns til hennar.<sup>76</sup>

Í kjölfar þessarar miklu athygli urðu þær raddir háværari sem töldu að opinberir aðilar ættu að reisa hús sem gæti orðið vinnustofa Kjarvals og lúð til æviloka. Var þá vísað til þess að ekkert hefði orðið af framkvæmdum þrátt fyrir að samþykkt hefði verið þingsályktun um að ríkisstjórnin ræðist í þetta verkefni árið 1945.<sup>77</sup>

Eftir að sýninginni lauk í Listamannaskálanum voru verkin send norður til Akureyrar. Þar setti Kjarval þau upp í nýju verslunarhúsi Kr. Kristjánssonar við Geislagötu og hófst sýningin 24. október. Norðlingar kunnu vel að meta tiltækið og þegar yfir lauk hafði á fjórða þúsund gesta sótt sýninguna. Undir lok sýningartímans kom Kjarval aftur norður yfir heiðar og dvaldist um stuttan tíma á Akureyri en fylgdi svo verkunum heim til Reykjavíkur að sýningartíma liðnum.<sup>78</sup>

Í nóvember skrifaði Kjarval stutta grein í Morgunblaðið með fyrirsögninni „Afmæliskevdeja þegnskaparins“.<sup>79</sup> Í lok mánaðarins kom út ljósprentun 16 mannamynda Kjarvals undir heitinu „Gómul blöð“. Valdi Kjarval teikningarnar og voru þær prentaðar á vegum Lithoprents í 750 tölusetnum eintökum.<sup>80</sup>

Sigurður Benediktsson stóð að stórrí sölusýningu og uppboði á 60 verkum Kjarvals í Listamannaskálanum um miðjan desember. Voru þau frá ýmsum tímum, öll í eigu listamannsins. Stærstu myndirnar voru „Kritik“, sem hann hafði sýnt í Listamannaskálanum og á Akureyri í október, og „Sól og sumar“, sem áður bar titilinn „Sólbað og þræfdómur“, Reykjavíkurborg keypti bæði verkin en það dýrasta var verk frá Krýsuvík.<sup>81</sup>

1955

Í bréfi til vinafólks í Borgarfirði eystra sagði Kjarval þetta: „Málaraveðurlag hefur verið með afbrigðum gott hjer í vetur. En vegna margskonar vinnu inni – var eg samt sjaldan úti nema á þorranum nokkrum sinnum í frosti og hreinviðri – þá var fígur birta.“<sup>82</sup> Nokkur umræða var í byrjun árs um byggingu Kjarvalshúss. Kjarval skrifaði svo sjálfur grein sem hét „Kjarvalshús“ í Morgunblaðið í mars.<sup>83</sup> Skómmu síðar skrifaði hann svargrein í Vísi við grein þar sem lagt hafði verið til að ríkið reisti listasafn í stað þess að byggja sérstakt Kjarvalssafn.<sup>84</sup>

Kjarval átti 17 verk á norrænni samsýningu á samtímalist sem haldin var í Rómaborg í apríl og maí. Áður en



verkin sem sýna átti í Róm voru send utan voru þau sýnd í tvo til þrjú daga í Listamannaskólanum. Miklar deilur risu um val verkanna og þótti sumum m.a. illa takast til með val Kjarvalsverkanna. Úr því var bætt með því að bæta fjórum eða fimm verkum í úrvalið á síðustu stundu. Meðal verka á sýningunni voru „Snæfellsjökull“ í eigu Listasafns Íslands og verkid „Skýjafar“.<sup>85</sup>

Á þessu ári tók Kjarval einnig þátt í yfirlitssýningu á íslenskrí myndlist á vegum Þýska listráðsins undir yfirskriftinni „Landschaft und Mensch in der isländischen Malerei“. Þar átti hann sjö olíumálverk og sex andlitsteikningar í eigu Listasafns Íslands. Ekki er vitað með vissu hvar þessi sýning var sett upp en líklegt er að hún hafi farið vítt og breitt um Þýskaland. Fimm þessara verka voru t.d. sýnd í Friedrich Rückert Schule í Erlangen frá 6. til 27. nóvember á þessu ári undir yfirskriftinni „Isländische Malerei“.<sup>86</sup> Kjarval mun einnig hafa átt verk á sýningu sem félagið Akóges bauð Félagi íslenskra listamanna að setja upp í Vestmannaeyjum.<sup>87</sup>

Kjarval sótti landslagsyfyrirmyndir í verk sín á þessu ári til nágrennis Reykjavíkur eins og endranær.<sup>88</sup> Í júní hélt hann austur á land og dvaldist um tíma í húsi sínu í hvamminum í Ketilsstaðalandi.<sup>89</sup> Um haustið var hann hins vegar á ferð um Norðurland og staldraði m.a. við á Blönduósi.<sup>90</sup>

Hinn 14. október opnaði Menntamálaráð Íslands yfirlitssýningu á 200 Kjarvalsverkum í Listasafni Íslands í til efni af sjötugsafmæli listamannsins. Verkin völdu Valtýr Pétursson og Þorvaldur Skólason og spönnuðu þau allan listferil Kjarvals.<sup>91</sup> Aðsókn var góð að sýningunni og þegar henni lauk höfðu yfir 25 þúsund manns séð hana.<sup>92</sup> Daginn eftir opnun sýningarinnar varð Kjarval sjötugur og gerði Bandalag íslenskra listamanna Kjarval að heiðursfélagi.

Heimildir geta þess hins vegar að honum hafi verið haldin afmælisveisla þar sem hann var staddur á Egilsstöðum 15. október. Þáverandi menntamálaráðherra, Bjarni Benediktsson, mun svo hafa haldið veislu í telfni afmælisins í ráðherrabústaðnum þegar hann kom heim til Reykjavíkur.<sup>93</sup> Ýmsir skrifuðu greinar og kveðjur til Kjarvals í blóð bæjarins. Vinur hans, Guðbrandur Magnússon, skrifaði t.d. mikinn greinaflokk um æviferil Kjarvals í Timann.<sup>94</sup> Auk þessara greina skrifaði hann um sýninguna á vegum Listasafns Íslands.<sup>95</sup>

Kjarval átti fjögur verk á sýningu Félags íslenskra myndlistarmanna sem opnuð var 23. nóvember í Listamannaskólanum. Öll báru þau titilinn „Málverk“.<sup>96</sup>

#### 1956

Á þessu ári kom út verkid „Hvalasagan frá átjánhundrað niutlu og sjö“ og ljóðabókin „Ljóðagrjót“ eftir Kjarval.<sup>97</sup> Hann skrifaði grein um sýningu Gunnars Magnússonar í glugga Málarans í Morgunblaðið í upphafi árs.<sup>98</sup> Í febrúar komu út ljósmyndir af verkum Kjarvals sem verið höfðu á yfirlitssýningunni haustið 1955. Gerð voru 17 tölusett eintök og sá Gunnar Rúnar Ólafsson um útgáfuna.<sup>99</sup> Í Morgunblaðinu birtist grein eftir Kjarval um sýningu Valtýs Péturssonar í Listamannaskólanum í mars og hann skrifaði stutta afmælisgrein til heiðurs sveitunga sínum Halldóri Ásgrímssyni sextugum í Morgunblaðið í apríl.<sup>100</sup>

Kjarval málaði nokkuð í nágrenni Reykjavíkur þetta ár eins og mörg undanfarin, m.a. í Grafningi og í Gálga-hrauni. Til eru jafnframt heimildir um ferð hans austur á land. Dvaldist hann í hvamminum í Ketilsstaðalandi um nokkurt skeið í júlí og hugsanlega fram í ágúst og málaði.<sup>101</sup> Hann fór hins vegar ekki í haustleiðangur á Snæfellsnes eins og oft áður.<sup>102</sup>

Menntamálaráð stóð að sýningu á verkum úr eigu Listasafns Íslands í Gagnfræðaskólanum á Akureyri. Þar voru m.a. sýnd Kjarvalsverk í eigu safnsins.<sup>103</sup> Í nóvember voru jafnframt sýndar þrjár myndir Kjarvals í glugga Málarans í Bankastræti.<sup>104</sup>

#### 1957

Á þessu ári kom út önnur útgáfa „Hvalasögunnar frá átjánhundrað niutlu og sjö“.<sup>105</sup> Jafnframt kom út hjá Almenna bókafélaginu Sýnisbók Einars Benediktssonar sem Kjarval myndskreytti.<sup>106</sup> Hann átti líka teikningu í ljóðabók Kristjáns Röðuls, „Fugl í stormi“, sem út kom á árinu.<sup>107</sup>

Listasafn Íslands stóð að sýningu á verkum úr eigu safnsins í Samvinnuskólanum á Bifröst í febrúar. Þar voru verk eftir Kjarval sýnd. Í sama mánuði voru sýndar 24 myndir eftir listamanninn í glugga Morgunblaðsins. Voru þær frá ýmsum tímum en flestar gamlar, jafnt olíuverk sem vatnslitamyndir og teikningar.<sup>108</sup>

Snemma sumars fór Kjarval austur á land og dvaldist um tíma í hvamminum í Ketilsstaðalandi. Hann málaði einnig í nágrenni Reykjavíkur um sumarið, m.a. í Grafningi, og fékk að geyma verkin í íþróttasal Jóns Þorsteinssonar eins og mörg undanfarin ár. Einnig er vitað að Kjarval var á ferð um Vesturland um miðjan október án þess að kunnugt sé að hann hafi málað þar nokkuð á þessu ári.<sup>109</sup> Á árinu málaði hann jafnframt hlíðar Esjunnar eins og þær blasa við frá Reykjavík, eins og ummæli í grein eftir Steingerði Guðmundsdóttur um heimsókn hennar á vinnustofu Kjarvals gefa til kynna: „Við augum blasir Esjan – eins og listamaðurinn sér hana og festir á léreftið fimfum höndum; klædd hvítum kjól dansar hún við góluna, sem þrýstir léttum kossi á enni hennar – í augsyn himinblámans.“<sup>110</sup>

Gunnar G. Schram átti gagnmerkt útvarpsviðtal við Kjarval í byrjun ágúst þetta ár. Þar lýsti hann m.a. róti tilfinninga sinna frammi fyrir mótlínu: „Já já svo sefjast maður svoleibis í að horfa svona á mótlívið sitt, að maður verður einfaldari og einfaldari í sjálfu sér og kulvísari og kulvísari við að standa lengi til dæmis úti, og verður meira og meira einmana. Tilfinningararnar verða héra eftirtektarverðari hjá manni sjálfum. Þær tilfinningar sem maður þarf að vinna með. Undir það síðasta í hverri mynd, en þær eru ákaflega dreifðar til að byrja með.“<sup>111</sup>

Kjarval átti fimm málverk á samsýningu sem Nordisk Kunstforbund stóð að í október og nóvember. Var sýningin haldin í Göteborgs Konstmuseum og Konsthallen og hét „Nordisk Konst 1947–1957“.<sup>112</sup> Útgáfufyrirtækið Helgafell hóf í nóvember útgáfu á eftirprentun verksins „Gaman er að lifa“ eftir Kjarval. Fleiri eftirprentanir verka hans fylgdu svo á eftir.



Alþingi samþykkti í desember 300.000 kr. fjárveitingu til byggingar Kjarvalshúss og ríkisstjórnin ákvað að gera gangskór að því að húsið yrði byggt.<sup>113</sup>

1958

Grein birtist í apríl 1958 eftir Baldur Ragnarsson í esperantótímaritinu *Belarto* um Kjarval.<sup>114</sup> Í maí var opnuð myndlistar- og listiðnaðarhappdrættissýning í sýningarsalnum Hverfisgötu 8–10. Þar voru sýnd 30 verk, sem öll voru vinningar í happdrætti til fjárfölnar fyrir sýningarsalinn. Kjarval átti a.m.k. eitt verk á þessari sýningu.<sup>115</sup>

Kjarval hélt austur í hvamminn í Hjalastaðabíngahá og dvaldist þar um tíma um sumarið. Þórarinn Þórarinsson á Eiðum getur þess að fyrstu dagana sem hann dvaldi í hvamminum þetta sumar hafi hann ekkert málað heldur verið að dytta að ýmsu í kringum húsið sitt. Dag einn þegar þeir voru á leið í hvamminn eftir að hafa skoðað stein sem stóð í mýrardrægi þar skammt frá sagði Kjarval loks við Þórarin: „Farðu heim vinur, nú get ég farið að vinna.“ Nokkrum dögum síðar var hann búinn með liti og striga og hélt heim með afkrasturinn nema eina mynd sem hann skildi eftir þar sem hún var enn blaut.<sup>116</sup> Verk sem talin hafa verið frá árinu 1958 benda einnig til þess að Kjarval hafi málað á utanverðu Snæfellsnesi á þessu ári. Einnig eru til myndir frá Kjalarnesi og Kjós frá þessu ári.<sup>117</sup>

Menntamálaráð stóð í október að myndlistarsýningu í Vestmannaeyjum á verkum nokkurra íslenskra myndlistarmanna í eigu Listasafns Íslands. Þar á meðal voru nokkur Kjarvalsverk.<sup>118</sup> Kjarval var svo sæmdur Prins Eugendórðunni sænsku fyrir störf í þágu lista í nóvember.

Kjarval birti grein í Morgunblaðinu í nóvember og kallaði hana „Gistvinátta hjá Guðna bónda á Höfn í Hornafirði“. Þar lýsir hann áhrifum sínum af verkum Svavars Guðnasonar sem sýndar voru um þær mundir.<sup>119</sup> Hann birti svo greinarkorn um Carsten Nielsen ritstjóra, sem þá varð 50 ára, í Morgunblaðinu í desember.<sup>120</sup>

1959

Kjarval gaf út smáritið „Bergmál til Eggerts Stefánssonar á sumardaginn fyrsta 1959“ á þessu ári.<sup>121</sup> Jafnframt kom út ljóðið „Afmælisljóð“ eftir Kjarval. Var það afmælisljóð til Þorsteins Jónssonar á Reyðarfirði.<sup>122</sup> Auk þessa teiknaði hann bókarkápu bókarinnar „Stephan G. Stephansson. Mæðurinn og skáldið“ eftir Sigurð Nordal.<sup>123</sup>

Niu verk eftir Kjarval voru á sýningu á íslenskrum myndlist sem haldin var í Púshkínsafninu í Moskvu og seinna um vorið í Leningrad. Upphaflega átti hver listamaður aðeins að sýna fimm verk. Áður en þau fóru utan voru verk in sýnd í Listasafni Íslands. Þrjú þeirra verka sem Kjarval sýndi þar hétu „Litaspjald, Vetur“, eitt „Litaspjald. Sumar“ og fimmta verkið bar titilinn „Litaspjald. Vor“. Nokkur blaðaskrif urðu um val verkanna og þótti sumum m.a. Kjarval ekki nægjanlega vel kynntur. Leiddi það til þess að fjórum Kjarvalsverkum úr Listasafni Íslands var bætt við.<sup>124</sup> Eftir að verkin höfðu verið sýnd í Rússlandi fór sýningin til Póllands og var sýnd í Muzeum Narodowe í Kraká.<sup>125</sup>

Hinn 5. apríl afsalaði Kjarval sér fjárveitingu til fyrirhugaðs Kjarvalshúss sem átti að rísa á lóð við hlöðina á húsi Einars Jónssonar á Skólavörðuholti. Óskaði hann eftir því að fjármagnið gengi sem stofnfré til sérstaks byggingarsjóðs fyrir Listasafn Íslands. Ríkisstjórnin lagði því í kjölfarið fram frumvarp til laga um byggingarsjóð Listasafns Íslands og var það samþykkt á þinginu.<sup>126</sup> Seinna á árinu samþykkti svo Menntamálaráð að láta gera skrá í þrítíu um öll málverk Kjarvals. Átti eitt að ganga til Kjarvals en hin að varðveita á Listasafni Íslands og þjóðskjalasafninu. Jafnframt þessu var fyrirhugað að taka myndir af öllum meiriháttar verkum listamannsins og átti að varðveita þær á Listasafni Íslands.<sup>127</sup> Ekkert varð af framkvæmdum.

Í júní stóð Nordisk Kunstforbund að norrænni samsýningu í Fyns Stiftmuseum í ráðhúsi Óðinsvéa sem hét „Nordisk kunst gennem 10 år 1949–1959“. Þar átti Kjarval fimm verk, öll frá árunum 1957–1959.<sup>128</sup> Kjarval gerði myndskreytingu í kringum ljóð Tómasar Guðmundssonar, „Island“, sem birtist á forsiðu Morgunblaðsins þjóðhátíðardaginn 17. júní 1959.<sup>129</sup>

Í júlí 1959 hélt Kjarval austur að sumarhúsi sínu í Hjalastaðabíngahá.<sup>130</sup> Hann fór aftur í bæinn seinna um sumarið til að ná í bátinn sinn, sem hann kallaði „Gullmávin“. Ætlun Kjarvals var að sigla niður Seifljóði, út Unaós og út á haf allt til Borgarfjarðar eystra. Er skemmst frá að segja að ferð þessi gekk áfálalaust og var ferðasagan rakin í *Tímanum* í september.<sup>131</sup> Kjarval málaði nokkuð í þessari ferð, líklega bæði í Hjalastaðabíngahá og í Borgarfirði eystra.<sup>132</sup>

Á sýningu Félags íslenskra myndlistarmanna í október átti Kjarval tvö verk, „Eldgos“ og „Skólaskýða“. Í nóvember birtist grein eftir vin Kjarvals, Ivar Modéer prófessor, um listamanninn í tímaritinu *Scripta Islandica*. Greinin birtist jafnframt í *Svenska Dagbladet* í sama mánuði og sérprent af henni var svo gefið út síðar.<sup>133</sup>

Kjarval mun hafa fengið nýja vinnuáðstöðu í húsnæði fyrir ofan Blikksmiðju Breiðfjörðs í lok ársins. Ragnar í Smára útvegaði honum þetta húsnæði, en Kjarval hafði enn sem fyrr svefnaðstöðu um nokkurt skeið á Njálsgötu og hélt vinnuáðstöðu sinni á Austurstræti 12.<sup>134</sup>

1960

Kjarval skrifaði grein í Morgunblaðið í upphafi árs og hét hún „Moldin rýkur – í logninu, (en þið vitið ekki af hverju) það varð nefnilega jarðskjálfti í fjallinu.“ Fjallaði hún um reynslu hans þegar hann stóð við það hraunsins í Heklugösinu 1947 og hvernig sömu tilfinningar vöknudu þegar hann sá að leggja átti óspillt tún undir tong vestan við Þjóðleikhúsið.<sup>135</sup>

Í febrúar voru sýndar eftirprentanir verka nokkurra íslenskra listamanna í glugga Morgunblaðsins og var Kjarval einn þeirra.<sup>136</sup> Í mars var opnuð sýning á eftirprentunum af íslenskum listaverkum í Ísrael. Voru þar nokkrar eftirprentanir þekktara Kjarvalsmynda. Þessi sýning fór síðan víðar um heim.<sup>137</sup> Um svipað leyti reyndu forsvarsmenn Museum of Modern Art í New York að kaupa verkið „Fjallamjólk“ af eiganda þess. Ragnar Jónssyni í Smára, en hann vildi ekki selja það úr landi. Safnið keypti seinna annað verk eftir Kjarval.<sup>138</sup>



Kjarval úti í hrauni sumarið 1963 að mæla mynd af sænskum kvikmyndagerðarmónum og ljósmyndurum.

Heimildir benda til þess að Kjarval hafi flutt endanlega í húsnæðis fyrir ofan Blikksmiðju Breiðfjörðs í Sigtúni á fyrstu mánuðum ársins 1960.<sup>139</sup>

Stutt klausa birtist í Morgunblaðinu í mars þar sem Kjarval minnti á sýningu Valtýs Péturssonar í Listamannaskálanum, sem þá stóð yfir.<sup>140</sup> Í maí skrifaði hann lofsamlega grein í *Timann* um myndlistarsýningu Grétu Björns-son.<sup>141</sup> Kjarval skrifaði litla fylgigrein með *Timanum* 1. maí sem hét „Engin fyrirsógn!“.<sup>142</sup>

Íslendingum var í fyrsta skipti boðið að taka þátt í Fenejablennalnum um sumarið. Fyrstu fulltrúar Íslands á sýningunni voru Kjarval og Ásmundur Sveinsson. Þangað fóru 10 verk eftir Kjarval, þar á meðal verkið „Gaman er að lifa“.<sup>143</sup> Kjarval var einnig boðið að sýna verk sín í öðrum aðalsal Kunsternes Hus í Ósló í júní. Hann þáði boðið og var viðstaddur opnu sýningarinnar þar sem sýnd voru 58 verk. Ragnar í Smára hafði hönd í bagga með skipulagningu sýningarinnar. Hann lýsti vali verkanna í grein í Morgunblaðinu og sagði að Kjarval hafi ekki viljað fá lánaðar myndir til að senda til Noregs. Því dró hann fram ýmsar myndir í eigin eigu, lauk við sumar en breytti öðrum og fól svo Ragnar og forstjóra safnsins að velja endanlega hvaða verk ætti að sýna og ákveða titla.<sup>144</sup> Voru þetta verk frá ýmsum tímum og myndefni og efnistöð margbreytileg. Meðal verka voru nokkrar landslagsmyndir sem hann hafði nýlokið við. Kjarval og verk hans fengu góðar viðtökur í Ósló.<sup>145</sup> Eftir að sýningunni lauk í Noregi var nokkrum verkanna komið fyrir í Morgunblaðsglugganum til að gefa hugmynd um sýninguna. Kom fram í frétt að margir hefðu undrast að Kjarval ætti sjálfur svona mörg verk í fórum sínum.<sup>146</sup>

Eftir að Kjarval kom heim úr heimsókn sinni til Noregs fór hann austur á land ásamt blístjóra sínum, Þorvaldi Þorvaldssyni. Þar dvaldist hann um skeið um sumarið og tók á móti aldavini sínum Guðbrandi Magnússyni. Var hann hjá þeim í þrjú daga og fóru þeir víða um nágrennið, m.a. á æskuslóðir Kjarvals á Borgarfirði eystra.<sup>147</sup> Aðrar heimildir herma að Kjarval hafi málað mikið þetta sumar, jafnt á Jökuldalsheiði, í Hjalastaðáþinghánni og á Borgarfirði eystra. Má ljóst vera að hann fór fleiri en eina ferð austur í hvamminn þetta ár og dvaldist þar í tju daga um haustið. Þórarinn Þórarinnsson á Eiðum segir m.a. að verkið „Gullmold“ hafi orðið til þetta sumar í hvamminum, en það sýnir útsýn frá hvamminum og andlit fjögurra smíða sem smíðuðu skýli yfir bát Kjarvals, „Gullmávin“.<sup>148</sup> Sú mynd var á sýningu Kjarvals í Listamannaskálanum í febrúar 1961. Margar myndir frá Austurlandi voru þar einnig sýndar og einhver hluti þeirra hefur sjálfsagt verið málaður þetta sumar.<sup>149</sup> Kjarval málaði einnig myndir í nágrenni Reykjavíkur á þessu ári og á sýningunni í Listamannaskálanum árið eftir voru fimm verk sem hann hafði málað í Svínahrauni rétt við Þrengsáin.<sup>149</sup>

Kjarval átti eina litla óhlutbundna vatnslitamynd á samsýningu sem Félag Íslenskra myndlistarmanna stóð að í ágústmánuði.<sup>150</sup> Í ágúst skrifaði Kjarval í *Timann* afmælisgrein um Björn Guttormsson bónda á Ketilsstöðum og lauk greinni með ljóði.<sup>151</sup> Þegar Kjarval varð 75 ára birtust nokkrar afmælisgreinar og ljóð til heiðurs listamanninum í blóðum bæjarins.<sup>152</sup> Þá hafði hann hins vegar yfirgefið skarkala bæjarlifsins og dvaldist í hvamminum góða





Kjarval við upphengingu sýningar sinnar í febrúar 1961.

og málaði. Þar var hann í tíu daga þetta haust að sögn Thors Vilhjálmssonar,<sup>153</sup> Kjarval skrifaði stutta athugasemd í Morgunblaðið í nóvember vegna viðtals sem birst hafði við hann í blaðinu, og óplöð bréf til Sigfúsar Johnsens í tilefni af útgáfu bókar eftir hann.<sup>154</sup>

#### 1961

Á þessu ári gaf Kjarval út ljóðið „Lóan“ í sérprenti undir höfundarnafninu Giovanni Efrey, og einnig kom út í sérprenti ljóðið „Alfreðsljóð“ eftir Giovanni Efrey, ort til heiðurs Alfreð Guðmundssyni,<sup>155</sup> Á árinu eignaðist Museum of Modern Art í New York verkið „Hraun við Bessastaði“ eftir Kjarval.<sup>156</sup>

Kjarval opnaði öllum að óvörum málverkasýningu 9. febrúar 1961 í Listamannaskólanum. Þar sýndi hann 44 verk og voru flest þeirra ný. Meðal þeirra voru „Lesið á gullbók“, „Mosfellsheiði“ í eigu Listasafns Íslands og „Skjaldbreiður“ í eigu Listasafns Reykjavíkur.<sup>157</sup> Sýning þessi vakti mikla athygli og við opnunina fylgdu blaðamenn listamanninum eftir við hvert fótmað og skráðu niður ummæli hans um verkin og annað.<sup>158</sup> Hinn 12. febrúar bauð Kjarval svo öllum blástjórur á Bifreiðastöð Reykjavíkur að skoða sýninguna og sagði hana sérstaklega til heiðurs þeim.<sup>159</sup> Mikill var fjallað um sýninguna í blöðum bæjarins og fékk hún einróma lof. Guðbrandur Magnússon skrifaði m.a. fjórar greinar um Kjarval í tilefni af þessari sýningu sem síðar komu út saman í sérprenti undir heitinu „Myndgleði njóttu“.<sup>160</sup>

Kjarval kom fram í útvarpsþætti í umsjón Sigurðar Benediktssonar 23. febrúar og talaði þar m.a. um æsku sína.<sup>161</sup> Kjarval málaði í nágrenni Reykjavíkur árið 1961 eins og ávallt. Um miðjan júlí var hann kominn í hvamminn sinn í Ketilsstaðalandi, eflaust til að njóta hvíldar og mála. Þar var hann fram í ágúst.<sup>162</sup>

Ragnar í Smára gaf Alþýðusambandi Íslands fjölda verka í júní 1961. Meðal þeirra voru nokkur Kjarvalsverk, þ.á m. „Fjallamjólkinn“, „Gaman er að lifa“ og „Hellsheiði“. Þessi þrjú verk ásamt þremur öðrum voru sýnd á sýningu á glöfnni sem haldin var í Listamannaskólanum þetta sumar.<sup>163</sup> Kjarval sýndi líka verkið „Morgunn lífsins“, sem nú er í eigu Seðlabanka Íslands, ásamt tveimur teikningum á sýningu sem haldin var í Melaskólanum í ágúst og Reykjavíkurborg stóð að í tilefni af því að 175 ár voru liðin frá því að Reykjavík fékk kaupstaðarréttindi.<sup>164</sup>

#### 1962

Ánð 1962 komu út í Reykjavík „Þrjú litil ljóð“ eftir Kjarval.<sup>165</sup> Á því ári mun einnig hafa verið efnt til dagskrár í útvarpinu þar sem lesið var upp úr sögum eftir Kjarval. Eftir upplesturinn flutti Kjarval erindi sem hann kallaði „Ymislegheitin í kringumstæðunum“. Þar ræddi hann einkum um fyrstu skrefin á listamannsbrautinni og það sem fékk hann til þess að halda út á þá braut.<sup>166</sup>



Í febrúar settu Loftleidir upp þrjú verk eftir Kjarval á skrifstofu sinni í Rockefeller Center í New York og héngu þau þar í sex mánuði. Voru þetta „Þingvellir“ frá 1940, nýtt verk í eigu Ragnars í Smára sem hét „Vetrarlandslag“ og eldri mynd, „Tóframynd í Atlantshafi“, einnig í eigu Ragnars.<sup>167</sup> Í sömu borg sýndi Museum of Modern Art verk- ið „Hraun við Bessastaði“ sem safnið hafði keypt árið áður.<sup>168</sup>

Stór sýning íslenskrar myndlistar var opnuð í Louisiana-safninu í Danmörku í febrúarmánuði. Kjarval átti þar fjölmörg verk, m.a. „Fornar slóðir“, „Prófessorinn“, sem eflaust er sama verkid og það sem hann sýndi á sýningu sinni 1947, „Flugbrá“ í eigu Listasafns Íslands og „Úti og inni“, sem var í eigu Kristjáns Jónssonar. Mikilvægt var fjall- að um þessa sýningu í dönskum blöðum og fékk hún góðar viðtök.<sup>169</sup>

Kjarval birti ljóð í Morgunblaðinu í apríl, og hét það „Bogasalur og Listamannaskáli“.<sup>170</sup> Hinn 5. maí var fyrsta sýning Myndlistarfélagssins opnuð í Listamannaskálanum, en félagid hélt eftir það reglulega sýningar í nokk- ur ár á verkum félagsmanna sinna. Kjarval var oft heibursgestur á sýningunum. Hann átti þrjú verk á þessari sýn- ingu, tvær teikningar af klettum við Kirkjubæjarklaustur og andlitsmynd.<sup>171</sup>

Kjarval átti líka verk á sýningu sem opnuð var í Kiel í Þýskalandi í júní á grafíkverkum, vatnslitamyndum og teikningum eftir íslenska listamenn. Var sýningin liður í svokallaðri Kielarviku og skipulagði Deutsche Auslandge- sellschaft hana í samstarfi við félagid Germanliu í Reykjavík. Sýning þessi fór svo víðar um Þýskaland.<sup>172</sup>

Kjarval átti einnig eina teikningu á haustsýningu Félags íslenskra myndlistarmanna sem haldin var í september í Listamannaskálanum.<sup>173</sup>

Kjarval málaði í nágrenni Reykjavíkur árið 1962, m.a. við Kleifarvatn.<sup>174</sup> Heimildir eru þóglar um það hvort Kjarval fór austur á land eins og flest undangengin sumur síðan 1948. Í Lesbók Morgunblaðsins birtist hins veg- ar ítarlegt viðtal sem Matthias Johannessen tók við Kjarval á ferð þeirra austur á Þingvelli.<sup>175</sup>

## 1963

Árið 1963 komu út í Reykjavík „Skarphéðinskvæði“ eftir Kjarval.<sup>176</sup> Í febrúar var opnuð sýning í Hull á Englandi á 27 eftirprentunum af verkum Ásgríms Jónssonar, Jóns Stefánssonar og Kjarvals sem Reykjavíkurborg gaf sjó- mannbústöðum þar í borg.<sup>177</sup> Í sama mánuði var sýning á verkum sömu listamanna opnuð í Moskvuborg. Kjar- val var boðið að vera viðstaddur opnunina en úr því varð ekki. Hann átti fjórtán verk á sýningunni, m.a. myndirnar „Mosi við Vífilsfell“ í eigu Listasafns Íslands, „Á marglitum kjól“ í eigu Jóns Þorsteinssonar, „Haustlitir“ frá 1948 sem einnig var í eigu Jóns Þorsteinssonar og „Gaman er að lifa“ í eigu Listasafns ASÍ.<sup>178</sup>

Í apríl skrifaði Kjarval stutta grein í Morgunblaðið í tilefni af sýningu Einarssonar frístundamála.<sup>179</sup> Myndlistarfélagid hélt sína árlegu vorsýningu í júní í Listamannaskálanum. Þar átti Kjarval eitt verk sem hann kalli- aði „Gusa á Snæfellsnesi“.<sup>180</sup> Valtýr Pétursson skrifaði myndlistargagnrýni um sýningu þessa og sá ekkert gott við hana nema þessa einu mynd Kjarvals.<sup>181</sup> Kjarval svaraði tveimur dögum síðar og sagði þar m.a.: „Vorsýning er af sönnum toga spunnin eins og gullkorn tekið úr rennusteini. – Segjum ófullkomin, en samt – vorsýning. Og veðráttu og vorblóm kólu. – Jafnvel göfug tré urðu miður sín.“<sup>182</sup>

Kjarval málaði í nágrenni Reykjavíkur árið 1963.<sup>183</sup> Hann fór í tvo leiðangra austur í Hjaltaastaðabinghá til að mála. Í viðtali sem tekið var við hann í Alþýðublaðið í ágúst sýndi hann blaðamanni nokkrar landslagsmyndir í „græn- um og brúnum lit, jarðarmyndir“, sem hann hafði málað þetta sumar fyrir austan. Eitt þessara verka hefur án efa verið „Gilsá í Norður-Múlasýslu“ í eigu Listasafns Íslands, sem er árituð 1963.<sup>184</sup> Thor Vilhjálmsson heimsótti Kjarval í hvaminn þetta sumar til að afla fanga í bók sem hann var að skrifa um listamanninn. Urðu þeir sam- ferða heim til Reykjavíkur. Segir frá þeirri heimsókn í bók Thors auk þess sem Þórarinn Þórarinnsson frá Eilúum get- ur þessa í ævminningum sínum.<sup>185</sup>

Um haustið leyfði Kjarval blaðamönnum Morgunblaðsins að fylgja sér í málaraleiðangur í hraunið við Hafnar- fjórð. Afrestur þeirrar ferðar birtist í frásögn í Lesbók Morgunblaðsins tveimur áratugum síðar. Er það athyglisverð heimild um vinnuafærðir Kjarvals við gerð landslagsverka sinna.<sup>186</sup> Í október var haldin sýning í Bogasali Þjóðminja- safnsins á verkum sem frá Þjarnvegi Þjarnadóttir og synir hennar gáfu Ámessýslu. Ein lítil Kjarvalsmynd var í því safni, vatnslitamynd af Strandartindi við Seyðisfjörð.<sup>187</sup>

Kjarval varð 78 ára í októbermánuði og heimsótti Birgir Kjaran þá listamanninn. Var hann þá búinn að standa suður í hrauni og mála „þessa gríðarstóru, fersku og fallegu landslagsmynd“, sem átti að fara suður til Ísrael.<sup>188</sup> Í nóvember hélt Sigurður Benediktsson uppboðshaldari uppboð á 36 verkum eftir Kjarval, sem öll voru í eigu lista- mannsins. Þetta voru verk frá ýmsum tímum, nokkur afar athyglisverð frá fyrri hluta aldarinnar. Þarna keypti Lista- safn Íslands til að mynda verkid „Ekspanótísk artífisjón“ frá 1929. Þarna var einnig boðið upp verkid „Minni Ís- lands“ sem Kjarval hafði málað í Kaupmannahöfn 1916–17 og verk sem kallað var „Á Paradisarvöllum“, málað í Kaupmannahöfn árið 1917.<sup>189</sup>

## 1964

Árið 1964 kom út bókinn „Listamannaljóð“, ljóðasafn í umsjá Magnúsar Á. Árnasonar, og voru tvö ljóðanna eftir Kjar- val.<sup>190</sup> Myndlistarfélagid opnaði árlega vorsýningu sína 1. maí í Listamannaskálanum. Þar átti Kjarval myndina „Saltfiskur“ sem heibursgestur sýningarinnar.<sup>191</sup>

Tíu Kjarvalsmyndir voru á stórrí sýningu á íslenskrari myndlist sem Félag íslenskra myndlistarmanna stóð að í Listasafni Íslands. Var hún haldin í tilefni af 20 ára afmæli fjölveldisins og var liður í listahátíð Bandalags íslenskra listamanna.<sup>192</sup> Við upphaf listahátíðarinnar kom út bókinn „Kjarval“ eftir Thor Vilhjálmsson. Studdist Thor bæði við skráðar heimildir um listamanninn og viðtöl sem hann átti við hann. Birtist þar jafnframt fjórir ljósmynda af verk- um Kjarvals.<sup>193</sup>

Í viðtali í ágúst sagði Kjarval að hann hefði verið hálf-lasinn þetta sumar. Þó kom fram að hann hefði farið tvær ferðir austur á land um sumarid: „Já, tvisvar. Fyrst flaug ég, en mér fannst allt fullt af tórnætti svo ég fór aftur suð-

ur. Svo fór ég austur í bíl og þá hafði ég með mér mikið af litum og ætlaði að vinna mikið. En ég sá ekki neitt. Mér fannst ég vera að svikja bæinn minn hér. Svo ég fór aftur eftir tvo daga." Í þessu viðtali kemur jafnframt fram að hann hafi farið í stutta ferð í Landmannalaugar: „Þar var svo mikið af fegurð að þetta rann saman fyrir augum mér.“<sup>194</sup>

Kjarval var boðað að vera heiðursgestur á haustsýningu í Charlottenborg í Kaupmannahöfn frá 26. september til 18. október. Hann þekktist boðið og sendi nokkur verk í eigin eigu en að auki var verkum safnað saman bæði á Íslandi og í Danmörku. Þama voru m.a. sýnd verkin „Morgunn lífsins“, „Frá Krýsuvík“ í eigu Listasafns Íslands, „Skjaldbreiður“ sem er í eigu Listasafns Reykjavíkur og „Sumarnótt á Þingvöllum“ í eigu Listasafns danska ríkisins.<sup>195</sup> Kjarval var viðstaddur opnun sýningarinnar. Hann sagði frá þessari heimsókn í viðtali við blaðamann Morgunblaðsins eftir að hann kom heim:

Þessar myndir tóku sig mjög vel út, salirnir voru bjartir og hátt undir loft, og undarlegt hvað allt verkaði vel á mig. Það var góð tilfinning að sjá gömlu myndirnar aftur ... Ég hafði gleymt þeim mörgum, öðrum mundi ég eftir, og þær minntu mig á það sem ég hef verið að reyna að burðast við að gera í fjórutlu ár – að fylla út í tímabilið sem var og er; það eru praktískar myndir, land séð með augum – auk þess fantasíur sem eru ekkert afkomuatriði, en hafa sennilega verið mér metnaðarmál, já kannski, ég veit það ekki, hvíld eða vinnugleði. Þær eru sambland af öllu mögulegu og ómögulegu, þær geta verið abstrakt, eða hvað er abstrakt?<sup>196</sup>

Kjarval átti fjögur verk á sýningu sem Listasafn Íslands hélt í október á aðföngum safnsins 1961–64. Sex verk eftir Kjarval höfðu verið keypt á tímabilinu en tvö þeirra voru á sýningu erlendis.<sup>197</sup> Samkvæmt fjárlagafrumvarpi sem lagt var fyrir alþingi í október 1964 var gert ráð fyrir því að Kjarval fengi í fyrsta skipti heiðurslaun listamanna á næsta fjárlagaári. Var það samþykkt.<sup>198</sup>

1965

Árið 1965 kom út ritið „Steinar og sterkir litir“. Þar var kafli eftir Sigurð Benediktsson um Kjarval, „Hann sá og sigraði“.<sup>199</sup> Kjarval var boðsgestur á sýningu sem hét Vestlandsutstillingen í Noregi. Sýning þessi var fyrst sett upp í Bergens Kunstforening en síðan í Aalesunds Kunstforening, Stavanger Kunstforening, Haugesunds Kunstforening og Oslo Kunstforening. Þrjú Kjarvalsverk voru þar sýnd, öll í eigu Listasafns Íslands.<sup>200</sup> Kjarval átti einnig verk á sýningu á norrænni myndlist í Gallery of Modern Art í New York um vorið.<sup>201</sup>

Á vorsýningu Myndlistarfélagssins í Listamannaskólanum í maí átti Kjarval eitt verk, „Morgunn lífsins“, sem verið hafði á sýningunni í Charlottenborg í Kaupmannahöfn haustið áður.<sup>202</sup> Í sama mánuði voru sýnd þrjú verk eftir Kjarval á sýningu sem Félag íslenskra myndlistarmanna stóð að í tilefni af tíu ára kaupstaðarafmæli Kópavogs.<sup>203</sup>

Kjarval bauð Aase dóttur sinni og manni hennar, Jakobi Lækken, til Íslands í byrjun maí.<sup>204</sup> Um sumarið fór hann lítið út fyrir höfuðborgina og ekkert austur í hvarminn.<sup>205</sup> Í viðtali í Þjóðviljanum í september sagði hann: „Ég hef óvenjulegt málað úti í sumar. Sex sinnum alls hef ég farið út úr bænum. Hér áður var ég næstum alltaf úti. Það var meðan ég var ókrítískur á Þjóðfélagið. Ég hef alltaf getað málað úti í hvernig veðri sem er. Kannski er það þess vegna sem ég hef orðið frægur.“<sup>206</sup> Og í viðtali í Alþýðublaðinu sama daginn sagði hann: „Ég ferðabíst lítið í sumar, málaði mest inni. Áður málaði ég mest úti. Þar eru einhverjar einkennilegar innstillingar náttúrunnar. Ég stúderaði hana í smáatriðum. Nú er ég að færast nær samfélaginu.“<sup>207</sup>

Í ágúst mánuði var opnuð íslensk málverkasýning í listasafni Colby-háskólans í Maine í Bandaríkjunum. Kjarval átti þar fimm verk. Sýning þessi fór síðan víðar um Bandaríkin, var m.a. sett upp í AFA Gallery (American Federation of Art) í New York í nóvember og mun hafa farið þaðan til Texas.<sup>208</sup>

Í september var haldið málverkaupboð á 73 verkum eftir Kjarval og stóð Sigurður Benediktsson að því.<sup>209</sup> Verkin voru öll í eigu Kjarvals og frá ýmsum tímum en á blaðamannafundi sagði Kjarval þessi verk vera útdrátt úr stóru safni. Ekki væri hins vegar hægt að selja allar myndirnar „af mórölskum ástæðum“. Sagði hann að borgarstjórnin hefði „lofað að geyma mikið“ af myndum hans en aðrar ætlaði hann að „geyma hjá skilvísu fólki“.<sup>210</sup>

Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1966 var lagt til að veittar yrðu 139.750 kr. til byggingar listmálarahúss og var það samþykkt. Átti það að vera íbúð og vinnustofa fyrir listmálara og var fyrirhugað að bjóða Kjarval fyrstum afnot af húsinu. Í frétt í Vísu kom fram að Seðlabanki Íslands mundi gefa 750.000 kr. til byggingarinnar en helming byggingarkostnaðar mundi byggingarsjóður Listasafns Íslands lána til framkvæmdanna en fengi síðar endurgreitt úr ríkissjóði. Vár húsinu ætlaður staður á Lambastabatúni á Seltjarnarnesi.<sup>211</sup>

Kjarval varð áttaræður í október 1965. Í tilefni af því var efnt til sýningar á valinkunnum Kjarvalsverkum sem öll voru í eigu einkaaðila. Eina verkið sem Kjarval átti var happdrættisvinningur og hét „Vorkoma“ eða „Takti í hornið á geitinni“ en sýningarskráin var seld á 100 krónur og gildi sem happdrættismiði. Átti andvirðið af sölu hennar að renna til byggingar á nýjum Listamannaskóla sem búið var að taka ákvörðun um að mundi rísa á Miklatúni.<sup>212</sup> Aðsókn að sýningunni var mjög góð. Töldu menn að á milli 20 til 30 þúsund manns hefðu skoðað sýninguna og 8.303 skrár seldust.<sup>213</sup> Daginn fyrir afmæli listamannsins var samþykkt að Reykjavíkurborg byggði sýningarhús á Miklatúni. Önnur álma byggingarinnar var ætluð til sýninga á verkum Kjarvals og skyldi húsið tengt nafni hans.<sup>214</sup>

Hinn 15. október hélt menntamálaráðherra síðdegisboð til heiðurs afmælisbarninu. Kjarval hélt þar ræðu þar sem hann vék m.a. að ferli sínum á fyrstu áratugum aldarinnar: „Ég hafði verið að mála og fantasera og búa til hugmyndir um leið og ég var naturalisti ... í Háskólanum, þá vann ég í komposition helma hjá mér og var í sambandi við ýmsar stefnur sem ég þekkti ekki og vissi ekki hvað var en fantaseraði mig inn á það ...“<sup>215</sup> Í tilefni afmælisins hélt Listafélag Menntaskólans í Reykjavík sýningu í nýbyggingu Menntaskólans á Kjarvalsverkum sem tengdust hafinu. Verkin voru frá ýmsum tímum en mikið var af verkum frá fyrstu áratugum aldarinnar.<sup>216</sup> Kjarval var viðstaddur opnunina og var þar fluttur leikþáttur eftir Kjarval, „Einn þáttur. Leikur“, frá 1938.

Kjarval birti í lok október kveðju í blöðum bæjarins þar sem hann þakkar fyrir skeyti og gjafir á afmæli sínu.<sup>217</sup>





Kjarval í íþróttahúsi Jóns Þorsteinssonar við Lindargötu.

